

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS NR. 1313/2013/ESB

2014/EES/76/07

frá 17. desember 2013

um almannavarnakerfi Sambandsins (*)

EVROÞUPINGID OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 196. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽¹⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilliti til þess að á undanförunum árum hafa náttúruhamfarir og hamfarir eða stóráföll af mannavöldum aukist umtalsvert og orðið alvarlegri en áður og við aðstæður þar við stöndum frammi fyrir alvarlegri og flóknari hamförum og stóráföllum í framtíðinni, með viðtækari afleiðingum sem vara lengur, einkum vegna loftslagsbreytinga og hugsanlegrar gagnvirkni milli ýmiss konar náttúruvár og hætta tæknilegs eðlis, verður æ mikilvægara að beita samþættri nálgun við hamfara- og stóráföllastjórnun. Evrópusambandið ætti að stuðla að samstöðu og styðja, bæta við og auðvelda samhæfingu á aðgerðum aðildarríkjanna á sviði almannavarna í því skyni að bæta skilvirkni kerfa fyrir forvarnir, viðbúnað og viðbrögð við náttúruhamförum og hamförum eða stóráföllum af mannavöldum.
- 2) Með ákvörðun ráðsins 2001/792/EB, KBE ⁽²⁾ sem endurútfærin var með ákvörðun ráðsins 2001/779/EB, KBE ⁽³⁾ var komið á fót Bandalagskerfi á sviði almannavarna. Fjármögnun þessa kerfis hefur verið tryggð með ákvörðun ráðsins 2007/162/EB, KBE ⁽⁴⁾ en með henni var komið á fót fjármögnunarleið á sviði almannavarna („fjármögnunarleiðin“). Þar er kveðið á um fjárhagsaðstoð

af hálfu Sambandsins, bæði í formi framlags til að auka skilvirkni viðbragða við meiri háttar neyðarástandi og til að efla forvarnar- og viðbúnaðaráðstafanir fyrir hvers konar neyðarástand, þ.m.t. áframhald ráðstafana sem áður höfðu verið gerðar samkvæmt ákvörðun ráðsins 1999/847/EB ⁽⁵⁾. Gildistími fjármögnunarleiðarinnar rennur út 31. desember 2013.

- 3) Almennavarnakerfi Sambandsins er einkum ætlað að tryggja vernd fólks en einnig vernd umhverfis og eigna, þ.m.t. menningarminja, gegn hvers konar náttúruhamförum eða hamförum eða stóráföllum af mannavöldum, þ.m.t. umhverfishamförum eða -stóráföllum, sjávarmengun og bráðum heilbrigðisögnum, sem verða innan eða utan Sambandsins. Almennavarna og annarrar neyðarástoðar innan ramma almennavarnakerfis Sambandsins kann að verða þörf í öllum þessum hamförum eða stóráföllum til að koma til viðbótar viðbragðsgetu landsins sem verður fyrir þeim. Að því er varðar hamfarir eða stóráföll sem orsakast af hryðjuverkum, kjarnorkuslysum eða slysum af völdum geislunar, ætti almennavarnakerfi Sambandsins eingöngu að taka til viðbúnaðar- og viðbragðsaðgerða á sviði almannavarna.
- 4) Almennavarnakerfi Sambandsins ætti einnig að stuðla að framkvæmd 222. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins með því að veita aðgang að úrræðum þess og björgum eftir því sem nauðsynlegt er.
- 5) Í almennavarnakerfi Sambandsins birtist evrópsk samstaða með sýnilegum hætti af því að það tryggir hagnýtt og tímanlegt framlag til forvarna og viðbúnaðar vegna hamfara eða stóráfalla og viðbragða við hamförum eða stóráföllum og yfirvofandi hamförum eða stóráföllum án þess þó að hafa áhrif á viðkomandi leiðbeinandi meginreglur og fyrirkomulag á sviði almannavarna. Ákvörðun þessi ætti því ekki að hafa áhrif á gagnkvæm réttindi og skuldbindingar aðildarríkjanna samkvæmt tvíhliða eða marghliða samningum, sem tengjast þeim málefnum sem ákvörðun þessi tekur til, eða á þá ábyrgð aðildarríkjanna að vernda fólk, umhverfi og eignir á yfirráðasvæði sínu.
- 6) Almennavarnakerfi Sambandsins ætti að taka tilhlýðilegt tillit til viðeigandi löggjafar Sambandsins og alþjóðlegra skuldbindinga og nýta samlegðaráhrif við viðkomandi framtaksværkerfi Sambandsins, s.s. evrópsku jarðfjar-könnunarátætlunina (Kópernikus), Evrópuáætlunina um vernd þýðingarmikilla grunnvirkja (EPCIP) og sameiginlegt umhverfi til upplýsingaskipta (CISE).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 924. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 150/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á bókun 31 um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 71, 27.11.2014, bls. 58.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 277, 13.9.2012, bls. 164.

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins 2001/792/EB, KBE frá 23. október 2001 um að koma á Bandalagskerfi til að stuðla að auknu samstarfi við hjálparaðgerðir á sviði almannavarna (Stjtið EB L 297, 15.11.2001, bls. 7).

⁽³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/779/EB, KBE frá 8. nóvember 2007 um að koma á kerfi Bandalagsins á sviði almannavarna (Stjtið. ESB L 314, 1.12.2007, bls. 9).

⁽⁴⁾ Ákvörðun ráðsins 2007/162/EB, KBE frá 5. mars 2007 um að koma á fót fjármögnunargerningi á sviði almannavarna (Stjtið. ESB L 71, 10.3.2007, bls. 9).

⁽⁵⁾ Ákvörðun ráðsins 1999/847/EB frá 9. desember 1999 um að innleiða aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði almannavarna (Stjtið. EB L 327, 21.12.1999, bls. 53).

- 7) Svæðis- og staðaryfirvöld gegna lykilhlutverki í hamfara- og stóráfallastjórnun (e. disaster management). Svæðis- og staðaryfirvöld þurfa því að koma á viðeigandi hátt að starfsemi sem fram fer samkvæmt þessari ákvörðun í samræmi við skipulag í hverju aðildarríki fyrir sig.
- 8) Forvarnir eru afar mikilvægar við varnir gegn hamförum og stóráföllum og í því tilliti er þörf á frekari aðgerðum eins og hvatt er til í niðurstöðum ráðsins frá 30. nóvember 2009 og í ályktun Evrópuþingsins frá 21. september 2010 um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar sem ber yfirskriftina „Nálgun Bandalagsins við forvarnarstarf vegna náttúruhamfara og hamfara eða stóráfalla af mannavöldum“. Innan almannavarnakerfis Sambandsins ætti að vera almennur stefnuramma fyrir aðgerðir Sambandsins til forvarna gegn hættu á hamförum eða stóráföllum, sem miðar að því að koma á hærra verndarstigi og aukna áfallaþoli gagnvart hamförum eða stóráföllum með því að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum þeirra og með því að efla forvarnarhugsun, þ.m.t. að gefa tilhlýðilegan gaum að líklegum áhrifum loftslagsbreytinga og þörfinni fyrir viðeigandi aðlögunaraðgerðir. Í þessu sambandi er áhættumat, skipulagning áhættustjórnunar, mat á getu til áhættustjórnunar, sem fram fer í sérhverju aðildarríki á landsvísi eða á viðeigandi stigi innanlands, með aðkomu annarrar viðkomandi þjónustu eftir því sem við á, áhættuyfirlit, sem unnið er á vettvangi Sambandsins, og jafningjarýni lykiltríði til að tryggja samþætta nálgun við hamfara- og stóráfallastjórnun sem tengir forvarnaaðgerðir gegn áhættu, viðbúnaðar- og viðbragðsaðgerðir. Því ætti að vera, innan almannavarnakerfis Sambandsins, almennur rammi um miðlun upplýsinga um áhættur og áhættustjórnunargetu, sbr. þó 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, en með henni er tryggt að engu aðildarríki sé skylt að veita upplýsingar ef það telur það andstætt mikilvægum öryggishagsmunum sínum.
- 9) Með því að stuðla að frekari þróun og betri samþættingu á greiningarkerfum, snemmiþvörunar- og viðvörunarkerfum (e. early warning and alert systems) sem ná yfir landamæri og varða hagsmuni Evrópu, ætti Sambandið að aðstoða aðildarríkin við að stytta viðbragðstíma vegna hamfara eða stóráfalla eins og unnt er og við að vara ríkisborgara Sambandsins við. Í slíkum kerfum ætti að taka tillit til og byggja á fyrirliggjandi upplýsingaveitum og -kerfum og þeim sem verða til í framtíðinni, ásamt því að ýta undir viðeigandi nýja tækni.
- 10) Innan almannavarnakerfis Sambandsins ætti að vera almennur stefnuramma sem miðar að því að bæta stöðugt viðbúnað almannavarnakerfa, almannavarnaþjónustu, starfslíðs þeirra og almennings innan Sambandsins. Þar á meðal ætti að vera til áætlun um æfingar, áætlun um lærdóm af fenginni reynslu (e. programme of lessons learnt), auk þjálfunaráætla og tengslanets fyrir þjálfun á vettvangi Sambandsins og aðildarríkjanna sem miðar að forvörnum, viðbúnaði og viðbrögðum við hamförum eða stóráföllum eins og kallað er eftir í niðurstöðum ráðsins frá 27. nóvember 2008 um evrópskt þjálfunarfyrikomulag fyrir hamfara- og stóráfallastjórnun.
- 11) Stefna ætti að því að koma á fót einingum til íhlutunaraðstoðar á sviði almannavarna, sem samanstanda af úrræðum frá einu eða fleiri aðildarríki og sem ætlað er að vera fyllilega samstarfshæfar, til að styrkja samvinnu á sviði almannavarna og þróa áfram samhæfð og skjót sameiginleg viðbrögð aðildarríkjanna. Einingarnar ættu að vera skipulagðar á vettvangi aðildarríkjanna og lúta stjórn þeirra.
- 12) Almannavarnakerfi Sambandsins ætti að auðvelda virkjun og samhæfingu íhlutunaraðstoðar. Almannavarnakerfi Sambandsins ætti að byggjast á Sambandskipulagi, sem samanstendur af Samhæfingarstöð neyðarviðbragða (ERCC), evrópski neyðarviðbragðsgetu (EERC) í formi bjarga sem aðildarríkin bjóða sjálf fram til samnýtingar fyrir fram, þjálfuðum sérfræðingum, sameiginlega neyðarsamskipta- og upplýsingakerfinu (CECIS), sem framkvæmdastjórnin hefur umsjón með, og tengiliðum í aðildarríkjunum. Með því ætti að fást rammi til að afla staðfesta upplýsinga um ástandið til dreifingar til aðildarríkjanna og til að miðla lærdómi sem dreginn hefur verið af fyrri íhlutunum.
- 13) Til þess að bæta skipulagningu viðbragðsaðgerða gegn hamförum eða stóráföllum innan ramma almannavarnakerfis Sambandsins og til að auka framboð á lykilmögum er nauðsynlegt að þróa evrópska neyðarviðbragðsgetu, í formi bjarga sem aðildarríkin bjóða sjálf fram til samnýtingar fyrir fram, og skipulegt ferli til að finna út hvar hugsanlega kunni að vera gloppur í getunni.
- 14) Að því er varðar íhlutunaraðstoð til að bregðast við hamförum eða stóráföllum utan Sambandsins ætti almannavarnakerfi Sambandsins að greiða fyrir og styðja við aðgerðir aðildarríkjanna og Sambandsins í heild til þess að stuðla að samræmi í alþjóðlegu starfi á sviði almannavarna. Sameinuðu þjóðirnar sjá um heildar-samhæfingu á hjáparaðgerðum í þriðju löndum þar sem fulltrúar þeirra eru til staðar. Samræma ætti þá aðstoð sem veitt er innan ramma almannavarnakerfis Sambandsins við Sameinuðu þjóðirnar og aðra viðeigandi alþjóðlega aðila til að hámarka nýtingu tiltækra úrræða og komast hjá óþarfa tvíverknaði. Aukin samhæfing aðstoðar á sviði almannavarna í gegnum almannavarnakerfi Sambandsins er forsenda þess að geta stutt við heildarsamhæfingaraðgerðir og tryggja heildstætt framlag Sambandsins til heildarhjálpáraðgerða. Í hamförum eða stóráföllum þar sem aðstoð er bæði veitt innan ramma almannavarnakerfis Sambandsins og samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 1257/96 ⁽⁶⁾ ætti framkvæmdastjórnin að tryggja skilvirkni, samfellu og fyllingu í heildarviðbrögðum Sambandsins og að evrópska samkomulagið um mannúðaraðstoð (e. European Consensus on Humanitarian Aid) sé virt ⁽⁷⁾.

⁽⁶⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1257/96 frá 20. júní 1996 um mannúðaraðstoð (Stjtið. EB L 163, 2.7.1996, bls. 1).

⁽⁷⁾ Sameiginleg yfirlýsing ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna sem komu saman á vegum ráðsins, Evrópuþingsins og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (Stjtið. ESB C 25, 30.1.2008, bls. 1).

- 15) Bæta þarf framboð á og aðgengi að fullnægjandi flutningatækjum til að styðja við þróun á getu til skjótra viðbragða á vettvangi Sambandsins. Sambandið ætti að styðja við og koma til fyllingar viðleitni aðildarríkjanna með því að greiða fyrir samhæfingu og samnýtingu flutningatækja og, þar sem þörf er á, með framlagi til fjármögnunar viðbótarflutningatækja, með fyrirvara um tilteknar viðmiðanir og með tilliti til fyrirbyggjandi kerfa.
- 16) Íhlutunaraðstoð ætti að miðast við eftirspurn og vera að öllu leyti samhæfð á vettvangi til að hámarka skilvirkni hennar og tryggja að hún nái til þeirra hópa sem í hlut eiga. Framkvæmdastjórnin ætti að veita sérfræðingateymum, sem send eru á vettvang, viðeigandi stuðning við birgðaflutninga.
- 17) Almennavarnakerfi Sambandsins má einnig nota til að láta almennavarnir styðja við ræðisaðstoð við borgara Sambandsins vegna hamfara eða stóráfalla í þriðju löndum óski ræðisyfirvöld í hlutaðeigandi aðildarríkjum eftir því. Hlutaðeigandi aðildarríki ættu, eftir því sem unnt er, að samræma slíkar beiðnir sín á milli og við sérhvern annan aðila, sem hlut á að máli, til að tryggja hámarksnýtingu á almennavarnakerfi Sambandsins og til að komast hjá vandkvæðum við framkvæmdina á vettvangi. Beiðni um slíkan stuðning gæti t.d. komið frá „forysturikinu“ (e. „Lead State“) eða aðildarríkinu sem sér um samhæfingu aðstoðar fyrir alla borgara Sambandsins. Skilja ber hugtakið „forysturíki“ í samræmi við viðmiðunarreglur Evrópusambandsins um framkvæmdina á hugtakinu forysturíki í ræðismálum ⁽⁸⁾. Ákvörðun þessi hefur ekki áhrif á reglur Sambandsins um ræðisvernd borgara Sambandsins erlendis.
- 18) Við skipulagningu viðbragðsaðgerða er gagnlegt að koma einnig á sambandi við viðeigandi frjáls félagasamtök og aðra viðeigandi aðila til að finna hvers konar viðbótarviðbragðsbjargir sem þau gætu haft tiltækar í gegnum lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum ef til hamfara eða stóráfalla kemur.
- 19) Notkun hernaðarlegra úrræða undir borgaralegri stjórn sem síðasta úrræði getur verið mikilvægt framlag til viðbragða við hamförum eða stóráföllum. Ef notkun hernaðarlegra úrræða til stuðnings aðgerðum almanna- varna telst vera viðeigandi ætti samstarf við herinn að fylgja því fyrirkomulagi, ferlum og viðmiðunum sem sett eru fram af ráðinu eða lögbærum stofnunum þess til þess að gera hernaðarleg úrræði, sem varða almennavarnir, aðgengileg almennavarnakerfi Sambandsins og vera í samræmi við viðeigandi alþjóðlegar viðmiðunarreglur.
- 20) Þegar aðstoð innan ramma almennavarnakerfis Sambandsins er framlag til viðbragðsaðgerða Sambandsins
- í mannúðarmálum, einkum í flóknu neyðarástandi, ættu aðgerðir sem njóta fjárhagsaðstoðar samkvæmt þessari ákvörðun að vera í samræmi við meginreglur um mannúð og meginreglur um notkun almanna- varna og hernaðarlegra úrræða sem settar eru fram í evrópska samkomulaginu um mannúðaraðstoð.
- 21) Lönd innan Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu (EES), inngöngulönd, umsóknarlönd og möguleg umsóknarlönd ættu að geta verið þátttakendur. Umsóknarlönd og möguleg umsóknarlönd sem taka ekki þátt í almennavarnakerfi Sambandsins. sem og lönd sem falla undir evrópsku nágrannastefnunna (ENP), ættu einnig að njóta ávinnings af tilteknum aðgerðum sem fjármagnaðar eru samkvæmt þessari ákvörðun.
- 22) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar ákvörðunar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald að því er varðar samskipti milli Samhæfingarstöðvar neyðarviðbragða og tengiliða aðildarríkjanna og verklagsreglur fyrir viðbrögð við hamförum eða stóráföllum innan og utan Sambandsins, einstaka hluta neyðarsamskipta- og upplýsingakerfisins (CECIS) og skipulag upplýsingamiðlunar gegnum neyðarsamskipta- og upplýsingakerfið, ferlið við að senda sérfræðingateymi á vettvang, skilgreiningu eininga, annarra viðbragðsbjarga og sérfræðinga, starfrækslukröfur vegna starfsemi og samstarfshæfni eininga, getumarkmið (e. capacity goals), kröfur um gæði og samstarfshæfni og vottunar- og skráningarferli sem nauðsynleg eru vegna starfrækslu evrópsku neyðarviðbragðsgetunnar, sem og fjárhagsráðstafanir, að greina gloppur í evrópsku neyðarviðbragðsgetunni og bæta úr þeim, skipulagningu hjálfunaráætlunar, æfingaramma og áætlunar um lærdóm af fenginni reynslu og skipulag stuðnings við flutning á aðstoð. Þessu valdi ber að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽⁹⁾.
- 23) Nota ætti rannsóknarmálsmeðferðina við samþykkt framkvæmdargerða sem kveðið er á um í þessari ákvörðun.
- 24) Þessi ákvörðun styrkir samstarf Sambandsins og aðildarríkjanna og stuðlar að betri samhæfingu á sviði almanna- varna með því að gefa færi á skilvirkari aðgerðum í ljósi umfangs þeirra og fyllingar. Ef hamfarir eða stóráföll er af þeirri stærðargráðu að aðildarríki hefur ekki næga getu til að bregðast við þeim getur það ríki ákveðið að leita til almennavarnakerfis Sambandsins með beiðni um að það komi til fyllingar almennavörnum þess ríkis og öðrum úrræðum til að bregðast við hamförum eða stóráföllum.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB C 317, 12.12.2008, bls. 6.

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

- 25) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar ákvörðunar og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari ákvörðun til að ná þessum markmiðum.
- 26) Þessi ákvörðun hefur ekki áhrif á aðgerðir sem falla undir framtíðarlagagerð Sambandsins í tengslum við það að koma á fót fjármögnunarleið í þágu stöðugleika, lýðheilsuráðstafanir sem samþykktar eru samkvæmt laga-gerðum Sambandsins um aðgerðaáætlanir Sambandsins á sviði heilbrigðis eða ráðstafanir um öryggi neytenda sem samþykktar verða samkvæmt framtíðarlagagerð Sambandsins í tengslum við neytendaáætlun fyrir tímabilið 2014-2020.
- 27) Til að innra samræmis sé gætt tekur þessi ákvörðun ekki til aðgerða sem falla undir ákvörðun ráðsins 2007/124/EB, KBE ⁽¹⁰⁾ og undir framtíðarlagagerð Sambandsins sem tengist því að koma á fót, sem hluta af Sjóðnum fyrir innra öryggi, fjármögnunarleið til fjárstuðnings við lögreglusamvinnu, að koma í veg fyrir og berjast gegn afbrotum og krísustjórnun eða sem tengjast því að halda uppi lögum og reglu og standa vörð um innra öryggi. Þessi ákvörðun á ekki við um aðgerðir sem falla undir reglugerð (EB) nr. 1257/96.
- 28) Ákvæði þessarar ákvörðunar eru með fyrirvara um samþykkt lagalega bindandi gerða samkvæmt stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu þar sem settar eru fram sérstakar neyðarráðstafanir vegna hamfara eða stórafalla af völdum kjarnorku eða geislunar.
- 29) Þessi ákvörðun tekur til aðgerða á sviði forvarna, viðbúnaðar og viðbragða við mengun sjávar að undanskildum aðgerðum sem falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 ⁽¹¹⁾.
- 30) Til að tryggja framkvæmd þessarar ákvörðunar getur framkvæmdastjórnin fjármagnað starfsemi sem tengist undirbúningi, vöktun, eftirliti, endurskoðun og mati, sem er nauðsynleg við stjórnun almannavarnakerfis Sambandsins og til að ná markmiðum þess.
- 31) Endurgreiðslu útgjalda og gerð samninga um opinber innkaup og veitingu styrkja samkvæmt þessari ákvörðun ætti að haga í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 ⁽¹²⁾. Vegna sérstaks eðlis aðgerða á sviði almannavarna er rétt að kveða á um að veita megi lögaðilum styrki hvort sem þeir heyra undir einkarétt eða opinberan rétt. Einnig er mikilvægt að farið verði að reglum reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012, einkum meginreglunum um ráðdeild, skilvirkni og árangur sem þar er mælt fyrir um.
- 32) Vernda ber fjárhagslega hagsmuni Sambandsins meðan á útgjaldatímabilinu stendur með ráðstöfunum sem eru í réttu hlutfalli við brot, þ.m.t. ráðstöfunum til að koma í veg fyrir, greina og rannsaka misfellur, endurheimta fjármuni sem hafa glatast, verið ranglega greiddir eða notaðir á rangan hátt og, þar sem við á, með stjórnarsýsluviðurlögum og fjárhagslegum viðurlögum í samræmi við reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012.
- 33) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan almannavarnakerfi Sambandsins varir og er helsta viðmiðunarfjárhæð, í skilningi 17. liðar samstarfssamnings milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 2. desember 2013 um aga í stjórn fjármála, um samstarf við fjárlagagerð og trausta fjármálastjórn ⁽¹³⁾, fyrir Evrópuþingið og ráðið við árlega fjárlagagerð. Þessi viðmiðunarfjárhæð er að hluta til fengin frá 3. lið „Öryggi og borgararéttur“ og að hluta til frá 4. lið „Hin hnattræna Evrópa“ í fjárhagsrammanum til margra ára fyrir tímabilið 2014–2020.
- 34) Úthlutun af fjárhagsrammanum til að framkvæma þessa ákvörðun ætti að haga samkvæmt hlutföllunum sem tilgreind eru í I. viðauka.
- 35) Til þess að endurskoða sundurliðun fjárhagsrammans fyrir framkvæmd þessarar ákvörðunar fyrir 30. júní 2017, í ljósi niðurstöðu bráðabirgðamatsins, ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Beita ber flýtimeðferðinni ef einhvern tíma reynist þörf á tafarlausri endurskoðun á fjárveitingum sem tiltækar eru fyrir viðbragðsaðgerðir. Það er einkar mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi víðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhlíða, tímanlega og víðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

⁽¹⁰⁾ Ákvörðun ráðsins 2007/124/EB, KBE frá 12. febrúar 2007 um að koma á fót, fyrir tímabilið 2007 til 2013, sem hluta af almennu áætluninni um öryggi og vernd frelsis, séráætluninni „forvarnir, viðbúnaður og stjórn afleiðinga af hryðjuverkum og annarri áhættu tengdri öryggismálum“ (Stjtið. ESB L 58, 24.2.2007, bls. 1).

⁽¹¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 frá 27. júní 2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (Stjtið EB L 208, 5.8.2002, bls. 1).

⁽¹²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 frá 25. október 2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 (Stjtið. ESB L 298, 26.10.2012, bls. 1).

⁽¹³⁾ Stjtið. ESB C 373, 20.12.2013, bls. 1.

36) Þessi ákvörðun ætti að gilda frá og með 1. janúar 2014 vegna þess að hún tengist fjárhagsrammanum til margra ára fyrir tímabilið 2014–2020.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN OG SÉRTÆK MARMÍÐ, VIÐFANGSEFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Almennt markmið og viðfangsefni

1. Almennavarnakerfi Sambandsins skal hafa það að markmiði að styrkja samstarf milli Sambandsins og aðildarríkjanna og greiða fyrir samhæfingu á sviði almannavarna í því skyni að bæta skilvirkni kerfa fyrir forvarnir, viðbúnað og viðbrögð við náttúruhamförum og hamförum eða stóráföllum af mannavöldum.

2. Almennavarnakerfi Sambandsins er einkum ætlað að tryggja vernd fólks en einnig vernd umhverfis og eigna, þ.m.t. menningarminja, gegn hvers konar náttúruhamförum eða hamförum eða stóráföllum af mannavöldum, þ.m.t. afleiðingum hryðjuverka, hamfara eða stóráfalla af völdum tæknibilunar eða geislunar eða umhverfishamfara eða -stór-áfalla, sjávarmengunar og bráðra heilbrigðisógnna, sem verða innan eða utan Sambandsins. Ef um er að ræða afleiðingar hryðjuverka eða hamfara eða stóráfalla af völdum geislunar getur almennavarnakerfi Sambandsins einungis tekið til viðbúnaðar- og viðbragðsaðgerða.

3. Almennavarnakerfi Sambandsins skal stuðla að samstöðu milli aðildarríkjanna með hagkvæmu samstarfi og samhæfingu, án þess að það hafi áhrif á þá frumskyldu aðildarríkjanna að vernda fólk, umhverfið og eignir, þ.m.t. menningarminjar, á yfirráðasvæði sínu gegn hamförum eða stóráföllum og að sjá hamfara- og stóráfallastjórnunarkerfum sínum fyrir nægilegri getu til að þau geti tekist með fullnægjandi og samræmdum hætti á við hamfarir eða stóráföll sem eru þess eðlis og af því umfangi sem raunhæft er að búast við og undirbúa sig undir.

4. Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um almennar reglur um almennavarnakerfi Sambandsins og reglur um veitingu fjárhagsaðstoðar innan ramma almennavarnakerfis Sambandsins.

5. Almennavarnakerfi Sambandsins skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar samkvæmt núgildandi, viðeigandi lagagerningum Sambandsins, samkvæmt stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu eða gildandi alþjóðasamningum.

6. Þessi ákvörðun gildir ekki um aðgerðir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1257/96, reglugerð (EB) nr. 1406/2002, reglugerð (EB) 1717/2006, ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins

nr. 1082/2013/ESB ⁽¹⁴⁾ eða Sambandslöggjöf um aðgerða-áætlanir á sviði heilbrigðis-, innanríkis- og dómsmála.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi ákvörðun gildir um samstarf á sviði almannavarna. Slíkt samstarf skal fela í sér eftirfarandi:

- forvarnar- og viðbúnaðaraðgerðir innan Sambandsins og, að því er varðar 5. gr. (2. mgr.), 13. gr. (3. mgr.) og 28. gr., einnig utan Sambandsins og
- aðgerðir til stuðnings viðbrögðum við beinum, skaðlegum afleiðingum hamfara eða stóráfalls innan eða utan Sambandsins, þ.m.t. í löndunum, sem um getur í 1. mgr. 28. gr., í kjölfar beiðnar um aðstoð gegnum almennavarnakerfi Sambandsins.

2. Í þessari ákvörðun skal tekið tillit til sérþarfa einangraðra, afskekktara og annarra svæða eða eyja í Sambandinu að því er varðar forvarnir, viðbúnað og viðbrögð við hamförum eða stóráföllum og einnig sérþarfa landa og yfirráðasvæða handan hafins hvað varðar viðbrögð við hamförum eða stóráföllum.

3. gr.

Sértæk markmið

1. Almennavarnakerfi Sambandsins skal styðja við, koma til fyllingar og greiða fyrir samhæfingu aðgerða aðildarríkjanna til að ná eftirfarandi sameiginlegum sértækum markmiðum:

- að ná háu verndarstigi gegn hamförum eða stóráföllum með því að koma í veg fyrir eða draga úr mögulegum áhrifum þeirra með því að efla forvarnarhugsun og með því að bæta samstarf almannavarna og annarrar viðkomandi þjónustu,
- að styrkja viðbúnað á vettvangi aðildarríkja og Sambandsins til að bregðast við hamförum eða stóráföllum,
- að greiða fyrir hröðum og skilvirkum viðbrögðum ef hamfarir eða stóráföll verða eða eru yfirvofandi og
- auka vitund og viðbúnað almennings vegna hamfara eða stóráfalla.

2. Nota skal vísa til að vakta, meta og endurskoða beitingu þessarar ákvörðunar, eftir því sem við á. Þessir vísar skulu vera:

- framvinda við að koma í framkvæmd ramma um forvarnir vegna hamfara eða stóráfalla, sem mæld er á grundvelli fjölda aðildarríkja sem hafa látið framkvæmdastjórninni í té samantekt um áhættumat þeirra og mat á áhættu-stjórnunargetu, eins og um getur í 6. gr.,

⁽¹⁴⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1082/2013/ESB frá 22. október 2013 um alvarlegar heilsufarsógnir sem ná yfir landamæri og niðurfellingu ákvörðunar nr. 2119/98/EB (Stjtið. ESB L 293, 5.11.2013, bls. 1).

- b) framvinda við að bæta viðbúnað vegna hamfara eða stór-áfalla, sem mæld er á grundvelli þess hversu umfangsmiklar viðbragðsbjargirnar eru, sem boðnar eru fram til samnýtingar, miðað við getumarkmiðin, sem um getur í 11. gr. og fjölda eininga sem skráðar eru í sameiginlega neyðarsamskipta- og upplýsingakerfið,
- c) framvinda við að bæta viðbrögð við hamförum eða stór-áfallum, sem mæld er á grundvelli hraða íhlutunar innan ramma almannavarnakerfis Sambandsins og að hvaða marki aðstoðin svarar þörfum á svæðinu, og
- d) framvinda við að auka vitund og viðbúnað almennings vegna hamfara eða stór-áfalla, sem mæld er á grundvelli þess hversu meðvitaðir borgarar Sambandsins eru um hættu á sínu svæði.

4. gr.

Skilgreiningar

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „hamfarir eða stór-áfall“ (e. disaster): hvers konar aðstæður sem hafa eða geta haft alvarleg áhrif á fólk, umhverfið eða á eignir, þ.m.t. menningarminjar,
2. „viðbrögð“: hvers konar aðgerð sem gripið er til þegar beiðni um aðstoð berst innan ramma almannavarnakerfis Sambandsins vegna yfirvofandi hamfara eða stór-áfalls eða við eða eftir hamfarir eða stór-áfall, til að kljást við beinar, skaðlegar afleiðingar þess,
3. „viðbúnaður“: viðbúnaðarstig og geta manna og efnislegra úrræða, kerfa, samfélaga og skipulagsheilda, sem eru til komin vegna aðgerða sem gripið var til fyrir fram og gera kleift að tryggja skilvirk og skjót viðbrögð við hamförum eða stór-áfallum,
4. „forvarnir“: hvers konar aðgerð sem miðar að því að minnka áhættu eða draga úr skaðlegum afleiðingum hamfara eða stór-áfalls á fólk, umhverfi og eignir, þ.m.t. menningarminjar,
5. „snemmbær viðvörðun“: tímanleg og skilvirk upplýsingagjöf sem gerir kleift að grípa til aðgerða til að komast hjá eða draga úr áhættu og skaðlegum áhrifum hamfara eða stór-áfalls, og að stuðla að viðbúnaði til að viðbrögð verði skilvirk,
6. „eining“: fyrirfram skilgreind, sjálfbær og sjálfstæð tilhögun á getu aðildarríkjanna sem grundvallast á verkefnum og þörfum eða hreyfanlegt aðgerðateymi aðildarríkjanna sem sameinar mannafla og búnað og sem hægt er að lýsa á grundvelli getu sinnar til íhlutunar eða verkefnisins eða verkefnanna sem hún getur tekist á við,
7. „áhættumat“: heildarferli, þvert á geira, til að bera kennsl á, greina og meta áhættu, sem fram fer á landsvísu eða á viðeigandi stigi innanlands,
8. „áhættustjórnunargeta“: geta aðildarríkis eða svæða þess til að minnka, laga sig að eða draga úr áhættu (áhrifum og líkum á hamförum eða stór-áfalli) sem greind er í áhættumati þannig að hún sé á stigi sem er ásætlanlegt í því aðildarríki. Áhættustjórnunargeta er metin á grundvelli tæknilegrar, fjárhagslegrar og stjórnunarlegrar getu til að inna af hendi viðunandi:
 - a) áhættumat,
 - b) skipulagningu áhættustjórnunar vegna forvarna og viðbúnaðar og
 - c) ráðstafanir til að draga úr áhættu og auka viðbúnað,
9. „gistiríkisstuðningur“ (e. „host nation support“): hvers konar aðgerð á viðbúnaðar- og viðbragðsstigi af hálfu lands, sem tekur við eða sendir aðstoð, eða af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, til að fjarlægja fyrrséðar hindranir úr vegi alþjóðlegrar aðstoðar sem veitt er í gegnum almannavarnakerfi Sambandsins. Þetta felur m.a. í sér stuðning frá aðildarríkjum til að greiða fyrir umferð þessarar aðstoðar í gegnum yfirráðasvæði þeirra,
10. „viðbragðsgeta“: aðstoð sem unnt er að veita í gegnum almannavarnakerfi Sambandsins að fenginni beiðni,
11. „stuðningur við birgðafloðninga (e. logistical support“): grundvallarbúnaður eða þjónusta sem nauðsynleg eru fyrir sérfræðingateymi, sem um getur í 1. mgr. 17. gr., svo að þau geti annast verkefni sín, m.a. samskipti, tímabundinn íverustaður, matvæli eða flutningar innanlands.

II. KAFLI

FORVARNIR

5. gr.

Forvarnaraðgerðir

1. Til að ná forvarnarmarkmiðunum og framkvæma forvarnaraðgerðir skal framkvæmdastjórnin:
 - a) grípa til aðgerða til að bæta þekkingargrunninn um hættu á hamförum eða stór-áfallum og greiða fyrir miðlun á þekkingu, bestu starfsvenjum og upplýsingum, þ.m.t. meðal aðildarríkja sem standa frammi fyrir samskonar áhættum,
 - b) styðja og hvetja aðildarríkin til að kortleggja og meta áhættu með því að miðla góðum starfsvenjum og auðvelda aðgang að sérhæfðri þekkingu og sérkunnáttu um mál sem varða sameiginlega hagsmuni,
 - c) koma á og uppfæra reglulega yfirlit og kort, þvert á geira, yfir hættu á náttúrulegum hamförum og hamförum eða stór-áfallum af mannavöldum sem Sambandið gæti þurft að takast á við, með því að beita samræmdri nálgun þvert á mismunandi málaflokka, sem geta tekið á eða haft áhrif á forvarnir gegn hamförum eða stór-áfallum, og með tilhlýðilegri hliðsjón af líklegum áhrifum loftslagsbreytinga,

- d) hvetja til þess að skipst sé á góðum starfsvenjum í því skyni að búa landsbundin almannavarnakerfi undir að takast á við áhrif loftslagsbreytinga,
- e) hvetja til og styðja þróun og framkvæmd aðildarríkjanna á starfi tengdu áhættustjórnun með því að miðla góðum starfsvenjum og auðvelda aðgang að sérhæfðri þekkingu og sérkunnáttu um mál sem varða sameiginlega hagsmuni,
- f) safna og miðla upplýsingum sem aðildarríkin gera aðgengileg, skipuleggja miðlun reynslu um mat á áhættustjórnunargetu, þróa, í samstarfi við aðildarríkin og fyrir 22. desember 2014, viðmiðunarreglur um efni, aðferðir og skipulag slíks mats, og greiða fyrir miðlun góðra starfsvenja við skipulagningu forvarna og gerð viðbúnaðaráætlana, m.a. með sjálfboðinni jafningjarýni,
- g) gefa Evrópuþinginu og ráðinu reglulega skýrslu um framvindu framkvæmdar á ákvæðum 6. gr., í samræmi við frestina sem gefnir eru í c-lið 6. gr.,
- h) ýta undir notkun á ýmsum sjóðum Sambandsins, sem geta stutt varanlegar forvarnir vegna hamfara eða stóráfalla, og hvetja aðildarríkin og svæðin til að nýta sér þessi fjármögnunartækifæri,
- i) vekja athygli á mikilvægi forvarna gegn áhættu og styðja aðildarríkin í vitundarvakningu, upplýsingagjöf til almennings og fræðslu,
- j) ýta undir forvarnarráðstafanir í aðildarríkjunum og þriðju löndum, sem um getur í 28. gr., með því að miðla góðum starfsvenjum og auðvelda aðgang að sérhæfðri þekkingu og sérkunnáttu um mál sem varða sameiginlega hagsmuni, og
- k) að höfðu nánú samráði við aðildarríki, grípa til frekari nauðsynlegra stuðnings- og viðbótarforvarnaaðgerða til þess að ná markmiðinu sem tilgreint er í a-lið 1. mgr. 3. gr.

2. Að beiðni aðildarríkis, þriðja lands, Sameinuðu þjóðanna eða stofnana þeirra getur framkvæmdastjórnin sent á vettvang sérfræðingateymi til að veita ráðgjöf um forvarnarráðstafanir.

6. gr:

Áhættustjórnun

Í því skyni að stuðla að skilvirkri og samræmdri nálgun við forvarnir og viðbúnað vegna hamfara eða stóráfalla með því að miðla upplýsingum, sem ekki eru viðkvæmar, þ.e.a.s. upplýsingum sem myndu ekki skaða mikilvæga öryggis-hagsmuni aðildarríkjanna þó að þær væru gefnar upp, og að bestu starfsvenjum innan ramma almannavarnakerfis Sambandsins, skulu aðildarríkin:

- a) þróa áhættumat á landsvísu eða á viðeigandi stigi innanlands og láta framkvæmdastjórninni í té samantekt á þeim

þáttum þeirra sem skipta máli fyrir 22. desember 2015 og þriðja hvert ár eftirleiðis,

- b) þróa og sníða til skipulagningu sína á áhættustjórnun vegna hamfara eða stóráfalla á landsvísu eða á viðeigandi stigi innanlands,
- c) láta framkvæmdastjórninni í té mat á áhættustjórnunargetu sinni á landsvísu eða á viðeigandi stigi innanlands þriðja hvert ár eftir að gerð viðkomandi viðmiðunarreglna, eins og getur í f-lið 1. mgr. 5. gr., lýkur og ætíð þegar mikilvægar breytingar verða og
- d) taka, að eigin frumkvæði, þátt í jafningjarýni á mati á áhættustjórnunargetu.

III. KAFLI

VIÐBÚNAÐUR

7. gr:

Samhæfingarstöð neyðarviðbragða

Hér með er komið á fót Samhæfingarstöð neyðarviðbragða. Samhæfingarstöð neyðarviðbragða skal vera starfhæf allan sólarhringinn, alla daga vikunnar og þjónusta aðildarríkin og framkvæmdastjórnina við að ná markmiðum almannavarnakerfis Sambandsins.

8. gr:

Almennar viðbúnaðaraðgerðir af hálfu framkvæmdastjórnarinnar

Framkvæmdastjórnin skal annast eftirfarandi viðbúnaðaraðgerðir:

- a) stjórna Samhæfingarstöð neyðarviðbragða,
- b) stjórna sameiginlegu neyðarsamskipta- og upplýsingakerfi til samskipta og miðlunar upplýsinga milli Samhæfingarstöðvar neyðarviðbragða og tengiliða aðildarríkjanna,
- c) stuðla að þróun og betri samþættingu á greiningarkerfum, snemmvíðvörunar- og víðvörunarkerfum, sem ná yfir landamæri og varða hagsmuni Evrópu, til þess að gera kleift að bregðast skjótt við og ýta undir að landsbundin snemmvíðvörunar- og víðvörunarkerfi verði tengd innbyrðis og tengd við Samhæfingarstöð neyðarviðbragða og sameiginlega neyðarsamskipta- og upplýsingakerfið. Þessi kerfi skulu taka tillit til og byggja á fyrirliggjandi upplýsinga-, vöktunar- og greiningarbrunnum og -kerfum og þeim sem verða til í framtíðinni,
- d) koma á og stjórna úrræðum til að kalla út og senda af stað sérfræðingateymi sem bera ábyrgð á:
- i. að meta þarfir, sem hugsanlega má taka á innan ramma almannavarnakerfis Sambandsins, í ríkinu sem sendir beiðni um aðstoð,

- ii. að greiða fyrir samhæfingu viðbragða og aðstoðar vegna hamfara eða stórálfalla á vettvangi, þegar þörf er á, og vera í sambandi við lögbær yfirvöld þess ríkis sem sendir beiðni um aðstoð og
- iii. að veita ríkinu, sem sendir beiðni um aðstoð, stuðning með sérfræðipækkingu á forvarnar-, viðbúnaðar- eða viðbragðsaðgerðum,
- e) koma á og viðhalda úrræðum til að veita þessum sérfræðingateymum stuðning við birgðaflutninga,
- f) þróa og viðhalda tengslaneti hjálfaðra sérfræðinga frá aðildarríkjunum, sem geta verið til taks með skömmum fyrirvara til að aðstoða Samhæfingarstöð neyðarviðbragða við vöktun á upplýsingum og við að greiða fyrir samhæfingu,
- g) greiða fyrir samhæfingu á fyrirframstaðsetningu viðbragðsbjarga vegna hamfara eða stórálfalla innan Sambandsins,
- h) styðja viðleitni til að bæta samstarfshæfni eininga og annarra viðbragðsbjarga með hliðsjón af bestu starfsvenjum á vettvangi aðildarríkjanna og á alþjóðavettvangi,
- i) grípa til nauðsynlegra aðgerða, innan valdheimilda sinna, til að auðvelda gistiríkisstuðning, þ.m.t. að þróa og uppfæra, í samvinnu við aðildarríkin, viðmiðunarreglur um gistiríkisstuðning á grundvelli fenginnar reynslu af aðgerðum,
- j) styðja að gerðar verði matsáætlanir með sjálfböðinni jafningjarýni fyrir viðbúnaðaráætlanir aðildarríkjanna, sem byggðar eru á fyrirfram skilgreindum viðmiðunum, sem munu gera kleift að taka saman tilmæli í því skyni að efla viðbúnaðarstig Sambandsins og
- k) að höfðu nánú samráði við aðildarríkin, grípa til frekari nauðsynlegra stuðnings- og viðbótarforvarnaaðgerða til þess að ná markmiðinu sem tilgreint er í b-lið 1. mgr. 3. gr.

9. gr.

Almennar viðbúnaðaraðgerðir aðildarríkjanna

1. Aðildarríkin skulu að eigin frumkvæði vinna að því að koma á fót einingum, einkum til að mæta forgangspörfum fyrir íhlutun eða stuðning innan almannavarnakerfis Sambandsins.

Aðildarríkin skulu tilgreina fyrir fram einingar, aðrar viðbragðsbjargir og sérfræðinga, sem þau hafa á að skipa innan viðkomandi þar til bærrar þjónusta, einkum almannavarna- eða annarrar neyðarþjónusta, og sem væri unnt að hafa til taks til íhlutunar ef slík beiðni berst í gegnum almannavarnakerfi Sambandsins. Þau skulu taka tillit til þess að samsetning eininganna eða annarra viðbragðsbjarga kann að miðast við tegund hamfara eða stórálfalls og sérþarfir í tengslum við viðkomandi hamfarir eða stórálfall.

2. Einingarnar skulu samanstanda af úrræðum eins eða fleiri aðildarríkis og:

- a) vera færar um að framkvæma fyrir fram skilgreind verkefni vegna viðbragðsaðgerðanna í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar viðmiðunarreglur, og þar með færar um að:
 - i. vera sendar af stað með mjög skömmum fyrirvara frá því að beiðni um aðstoð berst í gegnum Samhæfingarstöð neyðarviðbragða og
 - ii. vinna með sjálfbærum og sjálfstæðum hætti í tiltekinn tíma,
- b) vera samstarfshæfar við aðrar einingar,
- c) afla sér hjálfunar og æfa til að uppfylla kröfur um samstarfshæfni,
- d) vera undir stjórn aðila sem ber ábyrgð á rekstri eininganna og
- e) vera færar um að starfa með öðrum stofnunum Sambandsins og/eða alþjóðlegum stofnunum, einkum Sameinuðu þjóðunum, eftir því sem við á.

3. Aðildarríkin skulu, að eigin frumkvæði, tilgreina fyrir fram sérfræðinga, sem senda mætti á vettvang sem þátttakendur í sérfræðingateymum, eins og tilgreint er í d-lið 8. gr.

4. Aðildarríkin skulu íhuga að láta í té aðrar viðbragðsbjargir, eftir því sem þörf er á, sem þar til bær þjónusta gæti haft tiltækar, eða sem frjáls félagasamtök og aðrir viðeigandi aðilar gætu látið í té.

Aðrar viðbragðsbjargir geta falið í sér úrræði frá einu eða fleiri aðildarríkjum og skulu eftir því sem við á:

- a) vera færar um að sinna verkefnum vegna viðbragðsaðgerðanna í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar viðmiðunarreglur og þar með færar um að:
 - i. vera sendar af stað með mjög skömmum fyrirvara frá því að beiðni um aðstoð berst í gegnum Samhæfingarstöð neyðarviðbragða og
 - ii. vinna með sjálfbærum og sjálfstæðum hætti, ef nauðsyn krefur, í tiltekinn tíma,
- b) vera færar um að starfa með öðrum stofnunum Sambandsins og/eða alþjóðlegum stofnunum, einkum Sameinuðu þjóðunum, eftir því sem við á.

5. Aðildarríkjum er heimilt, með fyrirvara um viðeigandi öryggisráðstafanir, að veita upplýsingar um viðeigandi hernáðarleg úrræði, sem nota mætti ef ekki er annarra kosta völ, sem hluta af aðstoð í gegnum almannavarnakerfi Sambandsins, eins og flutninga og aðstoð við birgðaflutninga eða sjúkraaástoð.
6. Aðildarríkin skulu veita framkvæmdastjórninni viðeigandi upplýsingar um sérfræðingana, einingarnar og aðrar viðbragðsbjargir, sem þau hafa tiltæk til aðstoðar í gegnum almannavarnakerfi Sambandsins, eins og um getur í 1.–5. mgr., og skulu uppfæra þessar upplýsingar þegar nauðsynlegt er.
7. Aðildarríkin skulu tilnefna tengiliði, eins og um getur í b-lið 8. gr., og tilkynna framkvæmdastjórninni um það.
8. Aðildarríkin skulu grípa til viðeigandi viðbúnaðaraðgerða til að auðvelda gistiríkisstuðning.
9. Aðildarríkin, með stuðningi framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 23. gr., skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja tímanlegan flutning á þeirri aðstoð sem þau bjóða.

10. gr.

Skipulagning aðgerða

1. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu vinna saman að því að bæta skipulagningu viðbragðsaðgerða gegn hamföllum eða stóráfalli innan ramma almannavarnakerfis Sambandsins, þ.m.t. með sviðsmyndagerð fyrir viðbrögð við hamföllum eða stóráfalli, kortlagningu úrræða og þróun áætlaða fyrir sendingu viðbragðsbjarganna á vettvang.
2. Við skipulagningu viðbragðsaðgerða vegna mannúðarkrísu utan Sambandsins skulu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin finna og efla samvirkni milli aðstoðar almanna- og fjármögnunar mannúðaraðstoðar sem Sambandið og aðildarríkin veita.

11. gr.

Evrópska neyðarviðbragðsgetan

1. Koma skal á fót evrópski neyðarviðbragðsgetu. Hún skal fela í sér viðbragðsbjargir sem aðildarríkin bjóða sjálf fram til samnýtingar fyrir fram, og taka til eininga, annarra viðbragðsbjarga og sérfræðinga.
2. Framkvæmdastjórnin skal skilgreina, á grundvelli greindra áhættuþátta, gerðir og fjölda lykilviðbragðsbjarga sem nauðsynlegar eru fyrir evrópsku neyðarviðbragðsgetuna („getumarkmið“).
3. Framkvæmdastjórnin skal skilgreina gæðakröfur fyrir viðbragðsbjargirnar sem aðildarríkin hafa á að skipa fyrir evrópsku neyðarviðbragðsgetuna. Gæðakröfurnar skulu byggjast á viðurkenndum alþjóðlegum stöðlum þar sem slíkir staðlar eru fyrir hendi. Aðildarríkin skulu bera ábyrgð á því að tryggja gæði viðbragðsbjarga sinna.
4. Framkvæmdastjórnin skal koma á og stjórna ferli til vottunar og skráningar viðbragðsbjarga sem aðildarríkin hafa á að skipa fyrir evrópsku neyðarviðbragðsgetuna.

5. Aðildarríkin skulu að eigin frumkvæði tilgreina og skrá viðbragðsbjargir þær sem þau hafa á að skipa fyrir evrópsku neyðarviðbragðsgetuna. Fjölþjóðlegar einingar, sem tvö eða fleiri aðildarríki láta í té, skulu skráðar sameiginlega af öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum.
6. Viðbragðsbjargir, sem aðildarríki hafa tiltækar fyrir evrópsku neyðarviðbragðsgetuna, skulu ætíð vera áfram tiltækar í þeim tilgangi að gagnast innanlands.
7. Viðbragðsbjargir, sem aðildarríki hafa tiltækar fyrir evrópsku neyðarviðbragðsgetuna, skulu vera tiltækar fyrir viðbragðsaðgerðir innan ramma almannavarnakerfis Sambandsins í kjölfar beiðnar um aðstoð í gegnum Samhæfingarstöð neyðarviðbragða. Lokaákvörðun um sendingu þeirra á vettvang skal tekin af þeim aðildarríkjum sem skráðu viðbragðsbjargirnar sem um er að ræða. Ef neyðarástand innanlands, óviðráðanleg atvik eða, í undantekningartilvikum, alvarlegar ástæður koma í veg fyrir að aðildarríki geri þessar viðbragðsbjargir tiltækar í tilteknum hamföllum eða stóráfalli skal viðkomandi aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um það eins fljótt og unnt er með tilvísun í þessa grein.

8. Séu viðbragðsbjargir aðildarríkjanna sendar á vettvang skulu þær áfram lúta stjórn aðildarríkjanna og unnt skal vera að afturkalla þær, í samráði við framkvæmdastjórnina, ef neyðarástand innanlands, óviðráðanleg atvik, eða, í undantekningartilvikum, alvarlegar ástæður koma í veg fyrir að aðildarríki geti haft þessar viðbragðsbjargir áfram til reiðu. Framkvæmdastjórnin skal greiða fyrir samhæfingu mismunandi viðbragðsbjarga, þar sem við á, í gegnum Samhæfingarstöð neyðarviðbragða, í samræmi við 15. og 16. gr.

9. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tryggja viðeigandi vitund meðal almennings um íhlutanir þar sem evrópsku neyðarviðbragðsgetan kemur við sögu.

12. gr.

Að taka á gloppum í viðbragðsgetu

1. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með því hvernig miðar að ná getumarkmiðunum, sem sett eru í samræmi við 2. mgr. 11. gr., og greina hugsanlega alvarlegar gloppur í viðbragðsgetu hjá evrópsku neyðarviðbragðsgetunni.
2. Ef hugsanlega alvarlegar gloppur greinast skal framkvæmdastjórnin kanna hvort aðildarríkin hafi á að skipa nauðsynlegum björgum utan evrópsku neyðarviðbragðsgetunnar.
3. Framkvæmdastjórnin skal hvetja aðildarríkin, annað hvort hvert fyrir sig eða aðildarríki sem taka sig saman um að vinna gegn sameiginlegum áhættum, til að taka á hvers konar mikilvægum kerfislægum gloppum í getu, sem hafa verið greindar í samræmi við 2. mgr. Framkvæmdastjórnin getur veitt aðildarríkjum stuðning í tengslum við þessar aðgerðir í samræmi við 20. gr., i- og j-lið 1. mgr. og 2. mgr. 21. gr.
4. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa Evrópuþingið og ráðið á tveggja ára fresti um það hvernig miðar að ná getumarkmiðunum og hvaða gloppur eru enn til staðar í evrópsku neyðarviðbragðsgetunni.

13. gr.

Þjálfun, æfingar, lærdómur af fenginni reynslu og þekkingarmiðlun

1. Innan ramma almannavarnakerfis Sambandsins skal framkvæmdastjórnin annast eftirfarandi verkefni á sviði þjálfunar, æfinga, lærdóms af fenginni reynslu og þekkingarmiðlunar:

a) að koma á og stýra þjálfunaráætlun fyrir starfsfólk almannavarna og starfsfólk sem starfar við neyðarstjórnun um forvarnir, viðbúnað og viðbrögð við hamförum eða stóráföllum. Í áætluninni skulu felast sameiginleg námskeið og kerfi til að skiptast á sérfræðingum þar sem hægt er að lána einstaklinga til starfa í öðrum aðildarríkjum.

Markmiðið með þjálfunaráætluninni skal vera að styrkja samhæfingu, samhæfi og fyllingu milli þjarganna, sem um getur í 9. og 11. gr., og að bæta hæfni sérfræðinganna sem um getur í d- og f-lið 8. gr.,

b) að koma á og stýra tengslaneti fyrir þjálfun, sem er opið öllum þjálfunarstöðvum fyrir starfsfólk almannavarna og starfsfólk sem starfar við neyðarstjórnun, svo og öðrum hlutaðeigandi aðilum og stofnunum á sviði forvarna, viðbúnaðar og viðbragða við hamförum eða stóráföllum.

Með þjálfunarnetinu skal stefnt að eftirfarandi:

i. að styrkja öll stig hamfara- og stóráfallastjórnunar, með tilliti til aðlögunar að loftslagsbreytingum og mótvægisáðgerða vegna þeirra,

ii. að skapa samvirkni meðal þátttakenda með miðlun reynslu og bestu starfsvenja, rannsókna sem skipta máli, lærdóms af fenginni reynslu, námskeiða og vinnufunda, æfinga og tilraunaverkefna og

iii. að þróa leiðbeiningar um þjálfun í almannavörnum í Sambandinu og á alþjóðlegum vettvangi, þ.m.t. þjálfun í forvörnum, viðbúnaði og viðbrögðum við hamförum eða stóráföllum,

c) að þróa stefnumótandi ramma þar sem sett eru fram markmið og tilgangur æfinga, heildræn langtímaáætlun með helstu forgangsattriðum æfinga, og einnig að koma á og stjórna æfingaáætlun,

d) að koma á og stjórna áætlun um lærdóm sem draga má af almannavarnaáðgerðum sem framkvæmdar hafa verið innan ramma almannavarnakerfis Sambandsins, þ.m.t. þættir úr öllu hamfara- og stóráfallastjórnunarferlinu, til þess að skapa breiðan grundvöll fyrir námsferli og uppbyggingu þekkingar. Áætlunin skal fela í sér:

i. vöktun, greiningu og mat á öllum viðkomandi almannavarnaáðgerðum innan ramma almannavarnakerfis Sambandsins,

ii. að hvatt sé til þess að lærdómi af fenginni reynslu sé hrundið í framkvæmd til þess að skapa reynslugrunn fyrir þróun aðgerða í hamfara- og stóráfallastjórnunarferlinu og

iii. þróun aðferða og tækja til að safna, greina, hvetja til og koma lærdómi af fenginni reynslu í framkvæmd.

Þessi áætlun skal einnig taka til, þar sem við á, lærdóms sem draga má af ihlutunum utan Sambandsins að því er varðar nýtingu tengsla og samvirkni milli veittrar aðstoðar innan ramma almannavarnakerfis Sambandsins og viðbragðsaðgerða í mannúðarmálum,

e) að þróa leiðbeiningar um þekkingarmiðlun og framkvæmd hinna ýmsu verkefna, sem um getur í a- til d-lið, á vettvangi aðildarríkjanna og

f) að efla og hvetja til innleiðingar og notkunar á viðeigandi nýrri tækni sem nýtist almannavarnakerfi Sambandsins.

2. Við framkvæmd þeirra verkefna, sem sett eru fram í 1. mgr., skal framkvæmdastjórnin taka sérstakt tillit til þarfa og hagsmuna aðildarríkja sem standa frammi fyrir hamfara- eða stóráfallahættu sem er svipaðs eðlis.

3. Að beiðni aðildarríkis, þriðja lands eða Sameinuðu þjóðanna eða stofnana þeirra getur framkvæmdastjórnin sent á vettvang sérfræðingateymi til að veita ráðgjöf um viðbúnaðar-ráðstafanir.

IV. KAFLI

VIÐBRÖGÐ

14. gr.

Tilkynning um hamfarir eða stóráföll innan Sambandsins

1. Ef hamfarir eða stóráfall á sér stað, eða er yfirvofandi, innan Sambandsins, sem veldur eða getur valdið áhrifum yfir landamæri eða hefur eða getur haft áhrif í öðrum aðildarríkjum, skal aðildarríkið þar sem hamfarirnar eða stóráfallið á sér stað eða þar sem líkur eru á að það eigi sér stað, án tafar tilkynna það aðildarríkjunum, þar sem áhrifa gæti gætt, og framkvæmdastjórninni, ef áhrifin gætu orðið veruleg.

Fyrsta undirgrein gildir ekki ef tilkynningarskyldu samkvæmt annarri lögjöf Sambandsins samkvæmt stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu eða samkvæmt gildandi alþjóðasamningum hefur þegar verið fullnægt.

2. Ef hamfarir eða stóráfall á sér stað, eða er yfirvofandi, innan Sambandsins, sem gæti leitt til beiðni um aðstoð frá einu eða fleiri aðildarríkjum, skal aðildarríkið, þar sem hamfarirnar eða stóráfallið á sér stað eða þar sem líkur eru á að það eigi sér stað, án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni að búast megi við beiðni um aðstoð í gegnum Samhæfingarstöð neyðarviðbragða, til þess að framkvæmdastjórnin geti, eftir því sem við á, tilkynnt það hinum aðildarríkjunum og sett í gang þar til bæra þjónustu sína.

3. Senda skal tilkynninguna, sem um getur í 1. og 2. mgr., eftir því sem við á, í gegnum sameiginlega neyðarsamskipta- og upplýsingakerfið.

15. gr.

Viðbrögð við hamförum eða stóráföllum innan Sambandsins

1. Þegar hamfarir eða stóráfall á sér stað, eða er yfirvofandi, innan Sambandsins getur aðildarríkið, sem fyrir því verður, óskað eftir aðstoð í gegnum Samhæfingarstöð neyðarviðbragða. Beiðnin skal vera eins nákvæm og mögulegt er.

2. Í undantekningartilvikum þar sem aukin hættu skapast getur aðildarríki einnig beðið um aðstoð í formi fyrirframstaðsetningar viðbragðsbjarga til bráðabirgða.

3. Þegar beiðni um aðstoð berst skal framkvæmdastjórnin, eins og við á og tafarlaust:

- a) senda beiðnina áfram til tengiliða hinna aðildarríkjanna,
- b) afla staðfestra upplýsinga um ástandið, í samstarfi við aðildarríkið sem varð fyrir hamförunum, og miðla þeim til aðildarríkjanna,
- c) setja fram tilmæli, í samráði við aðildarríkið sem leggur fram beiðni, um að aðstoð verði veitt í gegnum almannavarnakerfi Sambandsins, á grundvelli þarfa á svæðinu og hvers konar viðeigandi áætlana sem þegar hafa verið gerðar, eins og um getur í 1. mgr. 10. gr., hvetja aðildarríkin til að senda á vettvang sértekur bjargir og greiða fyrir samhæfingu þeirrar aðstoðar sem þörf er á og
- d) grípa til viðbótaraðgerða til að greiða fyrir samhæfingu viðbragða.

4. Sérhvert aðildarríki, sem aðstoðarbeiðni er beint til í gegnum almannavarnakerfi Sambandsins, skal tafarlaust ákveða hvort það er í aðstöðu til að veita umbeðna aðstoð og tilkynna aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, um ákvörðun sína í gegnum neyðarsamskipta- og upplýsingakerfið og gefa til kynna hversu mikla aðstoð það getur lagt fram, með hvaða skilmálum og, eftir atvikum, hver kostnaðurinn af henni er. Samhæfingarstöð neyðarviðbragða skal halda aðildarríkjunum upplýstum.

5. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, ber ábyrgð á að stýra íhlutunaraðstoð. Yfirvöld aðildarríkisins, sem leggur fram beiðnina, skulu setja viðmiðunarreglur og, ef þörf er á, skilgreina mörk þeirra verkefna sem einingum eða öðrum viðbragðsbjörgum eru falin. Yfirmaður, sem tilnefndur er af aðildarríkinu sem veitir aðstoðina, gefur nákvæm fyriræli um framkvæmd verkefnanna. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, getur einnig beðið um að teymi sérfræðinga sé sent á vettvang til að liðsinna við mat, auðvelda samhæfingu á vettvangi milli teyma frá aðildarríkjunum eða til að veita tæknilega ráðgjöf.

6. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, skal gera viðeigandi ráðstafanir til að auðvelda gistiríkisstuðning vegna þeirrar aðstoðar sem berst.

7. Hlutverk framkvæmdastjórnarinnar, sem um getur í þessari grein, skal ekki hafa áhrif á valdsvið aðildarríkjanna og

ábyrgð þeirra á teyimum sínum, einingum og öðrum stuðningi, þar á meðal hernaðarlegum úrræðum. Einkum skal stuðningur framkvæmdastjórnarinnar ekki fela í sér stjórn teyma, eininga og annars stuðningsliðs aðildarríkjanna sem skulu send á vettvang að eigin frumkvæði í samræmi við samhæfingu í höfuðstöðvum og á vettvangi.

16. gr.

Að efla samkvæmni í viðbrögðum við hamförum eða stóráföllum utan Sambandsins

1. Þegar hamfarir eða stóráfall á sér stað, eða er yfirvofandi, utan Sambandsins getur landið, sem fyrir því verður, óskað eftir aðstoð í gegnum Samhæfingarstöð neyðarviðbragða. Einnig er hægt að biðja um aðstoð gegnum Sameinuðu þjóðirnar eða stofnanir þeirra eða viðkomandi alþjóðastofnun eða þær geta gert það.

2. Íhlutanir samkvæmt þessari grein geta annaðhvort farið fram sem sjálfstæð íhlutunaraðstoð eða sem framlag til íhlutunar undir stjórn alþjóðastofnunar. Samhæfing Sambandsins skal að fullu samþætt við heildarsamhæfingu sem samhæfingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum (OCHA) annast, og leiðtogahtutverk hennar virt.

3. Framkvæmdastjórnin skal styðja samkvæmni í veitingu aðstoðar í gegnum eftirfarandi aðgerðir:

- a) að viðhalda skoðanaskiptum við tengiliði aðildarríkjanna til að tryggja skilvirkt og samfellt framlag Sambandsins á sviði viðbragða við hamförum eða stóráföllum í gegnum almannavarnakerfi Sambandsins til hjálparaðgerða í heild, einkum með því að:
 - i. tilkynna aðildarríkjunum án tafar um aðstoðarbeiðnir í heild,
 - ii. styðja við sameiginlegt mat á aðstæðum og þörfum, veita tækniráðgjöf og/eða greiða fyrir samhæfingu aðstoðar á vettvangi í gegnum sérfræðingateymi almannavarna á vettvangi,
 - iii. deila viðkomandi mati og greiningum með öllum viðkomandi aðilum,
 - iv. veita yfirlit yfir aðstoð sem aðildarríkin og aðrir aðilar bjóða,
 - v. veita ráðgjöf um þá tegund aðstoðar sem nauðsynleg er til að tryggja að veitt aðstoð sé í samræmi við mat á þörfum og
 - vi. aðstoða við að greiða úr erfiðleikum við veitingu aðstoðar, t.d. vegna umflutnings og tolla,
- b) setja tafarlaust fram tilmæli, í samstarfi við landið sem varð fyrir hamförunum, þegar unnt er, á grundvelli þarfa á svæðinu og hvers konar viðeigandi áætlana sem þegar hafa verið gerðar, og hvetja aðildarríkin til að senda á vettvang sértekur bjargir og greiða fyrir samhæfingu þeirrar aðstoðar sem beðið er um,

- c) að vera í sambandi við landið sem verður fyrir hamförunum varðandi tæknileg atriði eins og nákvæma þörf fyrir aðstoð, samþykki tilboða og fyrirkomulag við móttöku og dreifingu aðstoðar á staðnum,
- d) vera í sambandi við eða styðja samhæfingarskrifstofu aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum og hafa samstarf við aðra viðeigandi aðila sem leggja sinn skerf til hjálparaðgerða í heild til að hámarka samvirkni, leita eftir fyllt og koma í veg fyrir tvíverknad og gloppur, og
- e) vera í sambandi við alla viðkomandi aðila, einkum í loka-áfangu íhlutunaraðstoðarinnar innan ramma almannavarnakerfis Sambandsins, til að auðvelda snurðulausa yfirfærslu.

4. Án þess að það hafi áhrif á hlutverk framkvæmdastjórnarinnar, eins og það er skilgreint í 3. mgr., og að teknu tilliti til þess hve áriðandi er að bregðast tafarlaust við með aðgerðum innan ramma almannavarnakerfis Sambandsins skal framkvæmdastjórnin tilkynna utanríkisþjónustu Evrópusambandsins um það þegar almannavarnakerfi Sambandsins er virkjað til að stuðla að samræmi milli almannavarnaadgerðanna og alhliða tengsla Sambandsins við landið sem varð fyrir hamförunum. Framkvæmdastjórnin skal halda aðildarríkjunum upplýstum að fullu, í samræmi við 3. mgr.

5. Tryggja skal tengsl á vettvangi við sendinefnd Sambandsins, eins og við á, svo að hún geti greitt fyrir tengslum við stjórnvöld í landinu þar sem hamfarir verða. Sendinefnd Sambandsins skal, ef nauðsyn krefur, veita sérfræðingateymum almannavarna stuðning við birgðafllutninga eins og um getur í ii. lið a-liðar 3. mgr.

6. Sérhvert aðildarríki, sem aðstoðarbeiðni er beint til í gegnum almannavarnakerfi Sambandsins, skal tafarlaust ákveða hvort það er í aðstöðu til að veita umbeðna aðstoð og tilkynna Samhæfingarstöð neyðarviðbragða um ákvörðun sína í gegnum neyðarsamskipta- og upplýsingakerfið og gefa til kynna hversu mikla hjálp það getur lagt fram og með hvaða skilmálum. Samhæfingarstöð neyðarviðbragða skal halda aðildarríkjunum upplýstum.

7. Einnig er unnt að nýta almannavarnakerfi Sambandsins til að láta almannavarnir styðja við ræðisaðstoð við borgara Sambandsins vegna hamfara eða stóráfalla í þriðju löndum óski ræðisyfirvöld í hlutaðeigandi aðildarríkjum eftir því.

8. Framkvæmdastjórnin getur, að fenginni beiðni um aðstoð, gripið til frekari nauðsynlegra stuðnings- og viðbótaraðgerða til að tryggja samkvæmni í veitingu aðstoðar.

9. Samhæfing í gegnum almannavarnakerfi Sambandsins skal hvorki hafa áhrif á tvíhliða tengsl milli aðildarríkja og landsins, sem varð fyrir hamförunum, né á samstarf milli aðildarríkja og Sameinuðu þjóðanna og annarra viðkomandi alþjóðastofnana. Slík tvíhliða tengsl má einnig nota til að stuðla að samhæfingu í gegnum almannavarnakerfi Sambandsins.

10. Hlutverk framkvæmdastjórnarinnar, sem um getur í þessari grein, skal ekki hafa áhrif á valdsvið aðildarríkja og ábyrgð þeirra á teyllum sínum, einingum og öðrum stuðningi,

þar á meðal hernaðarlegum úrræðum. Einkum skal stuðningur framkvæmdastjórnarinnar ekki fela í sér stjórn teyma, eininga og annars stuðningsliðs aðildarríkja sem skulu send á vettvang að eigin frumkvæði í samræmi við samhæfingu í höfuðstöðvum og á vettvangi.

11. Leita skal eftir samvirkni við aðrar fjármögnunarleiðir Sambandsins, einkum aðgerðir sem fjármagnaðar eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1257/96. Framkvæmdastjórnin skal tryggja samhæfingu milli þessara leiða og sjá til þess, eftir því sem við á, að aðgerðir aðildarríkja á sviði almannavarna, sem eru framlag til víðtækari viðbragðsaðgerða í mannúðarmálum, séu fjármagnaðar samkvæmt þessari ákvörðun að því marki sem unnt er.

12. Ætíð þegar almannavarnakerfi Sambandsins er virkjað skulu aðildarríki, sem veita aðstoð vegna hamfara eða stóráfalls, halda Samhæfingarstöð neyðarviðbragða að fullu upplýstri um störf sín.

13. Teymi og einingar aðildarríkja, sem taka þátt í íhlutun á vettvangi í gegnum almannavarnakerfi Sambandsins, skulu vera í nánú sambandi við Samhæfingarstöð neyðarviðbragða og sérfræðingateymi á vettvangi, eins og um getur í ii. lið a-liðar 3. mgr.

17. gr.

Stuðningur á vettvangi

1. Framkvæmdastjórnin getur valið, tilnefnt og sent á vettvang sérfræðingateymi skipað sérfræðingum sem aðildarríkin leggja til:

- a) ef um er að ræða hamfarir eða stóráfall utan Sambandsins, eins og um getur í 3. mgr. 16. gr.,
- b) ef um er að ræða hamfarir eða stóráfall innan Sambandsins, eins og um getur í 5. mgr. 15. gr.,
- c) í kjölfar beiðni um sérfræðipækkingu á sviði forvarna, í samræmi við 2. mgr. 5. gr., eða
- d) í kjölfar beiðni um sérfræðipækkingu á sviði viðbúnaðar í samræmi við 3. mgr. 13. gr.

Bæta má við teymið sérfræðingum frá framkvæmdastjórninni og annarri þjónustu Sambandsins til að styðja það og auðvelda tengslin við Samhæfingarstöð neyðarviðbragða. Sérfræðingar, sem samhæfingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum eða aðrar alþjóðastofnanir senda á vettvang, geta komið inn í teymið til að styrkja samstarf og auðvelda sameiginlegt mat.

2. Ferlið við val og skipun sérfræðinga skal vera sem hér segir:

- a) aðildarríki skulu tilnefna sérfræðinga, sem eru á þeirra ábyrgð, sem unnt er að senda á vettvang sem meðlimi í sérfræðingateyllum,

- b) framkvæmdastjórnin skal velja sérfræðinga og liðstjóra þessara teyma á grundvelli menntunar og hæfis þeirra og reynslu, þ.m.t. hversu mikla þjálfun þeir hafa fengið innan almannavarnakerfis Sambandsins, fyrri reynslu af sendiförum innan ramma almannavarnakerfis Sambandsins og í öðru alþjóðlegu hjálparstarfi. Valið skal einnig byggt á öðrum viðmiðunum, þar á meðal tungumálakunnáttu, til að tryggja að teymið í heild búi yfir nauðsynlegri færni fyrir hinar sérstöku aðstæður og
- c) framkvæmdastjórnin skal skipa sérfræðinga/liðstjóra fyrir sendiförina með samþykki aðildarríkisins sem tilnefndi þá.

3. Þegar sérfræðingateymi eru send á vettvang skulu þau greiða fyrir samhæfingu milli íhlutunarteyma frá aðildarríkjunum og vera í sambandi við lögbær yfirvöld ríkisins, sem sendir beiðni, eins og sett er fram í d-lið 8. gr. Samhæfingarstöð neyðarviðbragða skal vera í nánú sambandi við sérfræðingateymin og gefa þeim leiðbeiningar og stuðning við birgðaflutninga.

18. gr.

Flutningar og búnaður

1. Ef til hamfara eða stórálfalls kemur, annað hvort innan eða utan Sambandsins, getur framkvæmdastjórnin stutt aðildarríkin við að fá aðgang að búnaði eða flutningatækjum með því að:
- a) veita og miðla upplýsingum um búnað og flutningatæki sem aðildarríki geta haft á að skipa í því skyni að greiða fyrir samnýtingu slíks búnaðar eða flutningatækja,
- b) aðstoða aðildarríkin við að finna og auðvelda aðgang þeirra að flutningatækjum sem kunna að fást hjá öðrum aðilum, þar á meðal á almennum markaði, eða
- c) aðstoða aðildarríkin við að finna þann búnað sem kann að fást hjá öðrum aðilum, þar á meðal á almennum markaði.

2. Til viðbótar þeim flutningatækjum, sem aðildarríkin hafa á að skipa, getur framkvæmdastjórnin lagt til nauðsynleg viðbótarflutningatæki til að tryggja skjót viðbrögð við hamförum eða stórálköllum.

V. KAFLI

FJÁRHAGSÁKVÆÐI

19. gr.

Fjárveitingar

1. Fjárhagsramminn vegna framkvæmdar almannavarnakerfis Sambandsins fyrir tímabilið 2014–2020 skal vera 368 428 000 evrur á gangverði.

223 776 000 evrur á gangverði skulu koma frá 3. lið undir fyrirsögninni „Öryggi og borgararéttur“ í fjárhagsrammanum til margra ára og 144 652 000 evrur á gangverði frá 4. lið undir fyrirsögninni „Hin hnattræna Evrópa“.

Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki Evrópuþingsins og ráðsins og rúmast innan fjárhagsrammans til margra ára.

2. Fjárveitingar vegna endurgreiðslu frá stuðningsþegum viðbragðsaðgerða vegna hamfara eða stórálfalls skulu teljast til markaðra tekna í skilningi 2. mgr. 18. gr. í reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012.

3. Fjárúthlutunin, sem vísað er til í 1. mgr., getur einnig náð yfir útgjöld í tengslum við starfsemi við undirbúning, vöktun, eftirlit, endurskoðun og mat, sem er nauðsynleg við stjórnun almannavarnakerfis Sambandsins og til að ná markmiðum þess.

Slíkur kostnaður getur einkum náð til rannsókna, sérfræðingafunda, upplýsinga og samskipta, þ.m.t. upplýsingamiðlunar stofnana um pólitísk forgangsverkefni Sambandsins, að því marki sem þau tengjast almennum markmiðum almannavarnakerfis Sambandsins, útgjalda sem tengjast upplýsingatækninetum fyrir vinnslu og miðlun upplýsinga, þ.m.t. samtengingu þeirra við fyrirliggjandi eða framtíðarkerfi, sem eru hönnuð til að efla gagnaskipti þvert á geira og tengdan búnað, svo og öll önnur útgjöld vegna tækni- og stjórnsýsluáðstoðar sem framkvæmdastjórnin stofnar til við stjórnun áætlunarinnar.

4. Úthluta skal af fjárhagsrammanum, sem um getur í 1. mgr., yfir tímabilið 2014–2020, í samræmi við hlutföll og reglur sem settar eru fram í I. viðauka.

5. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða sundurliðunina, sem sett er fram í I. viðauka í ljósi niðurstöðu bráðabirgðamatsins sem um getur í a-lið 2. mgr. 34. gr. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja, ef nauðsyn krefur í ljósi niðurstaða matsins, framseldar gerðir í samræmi við 30. gr. til að aðlaga tölurnar í I. viðauka um meira en 8 prósentustig og allt að 16 prósentustigum. Samþykkja skal þessar framseldu gerðir fyrir 30. júní 2017.

6. Ef brýn nauðsyn krefur, við nauðsynlega endurskoðun á fjárveitingum sem tiltækar eru fyrir viðbragðsaðgerðir, skal framkvæmdastjórnin hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir til þess að aðlaga tölurnar í I. viðauka um meira en 8 prósentustig og allt að 16 prósentustigum innan fyrirliggjandi heimilda á fjárlögum og í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um 31. gr.

20. gr.

Almennar aðstoðarhæfar aðgerðir

Eftirfarandi almennar aðgerðir geta átt kost á fjárhagsaðstoð til að efla forvarnir, viðbúnað og skilvirk viðbrögð við hamförum eða stórálköllum:

- a) rannsóknir, kannanir, gerð líkana og sviðsmynda til að auðvelda miðlun þekkingar, bestu starfsvenja og upplýsinga,

- b) þjálfun, æfingar, vinnufundir, skipti á starfsmönnum og sérfræðingum, myndun tengslaneta, kynningarverkefni og tæknifyrfærsla,
- c) aðgerðir við vöktun og við mat (e. assessment and evaluation),
- d) upplýsingar til almennings, fræðsla og vitundarvakning og tengdar miðlunaraðgerðir til að stuðla að þátttöku borgara í forvörnum og í að lágmarka áhrif hamfara og stóráfalla í Sambandinu og til að hjálpa borgurum Sambandsins til að vernda sig á árangursríkari og varanlegri hátt,
- e) að koma á og reka áætlun þar sem nýttur er lærdómur af fenginni reynslu af íhlutunum og æfingum í tengslum við almannavarnakerfi Sambandsins, þ.m.t. á sviðum sem tengjast forvörnum og viðbúnaði, og
- f) aðgerðir sem varða samskipti og ráðstafanir til að auka vitund um almannavarnastarf í aðildarríkjunum og Sambandinu á sviði forvarna, viðbúnaðar og viðbragða við hamförum eða stóráföllum.

21. gr.

Aðstoðarhæfar forvarnar- og viðbúnaðaraðgerðir

1. Eftirfarandi forvarnar- og viðbúnaðaraðgerðir geta átt kost á fjárhagsaðstoð:
 - a) samfjármögnun verkefna, rannsókna, vinnufunda, kannana og sambærilegra aðgerða og starfsemi, sem um getur í 5. gr.,
 - b) samfjármögnun jafningjarýni, sem um getur í d-lið 6. gr. og j-lið 8. gr.,
 - c) viðhald starfsemi Samhæfingarstöðvar neyðarviðbragða, í samræmi við a-lið 8. gr.,
 - d) undirbúningur fyrir útkall og sendingu sérfræðingateymanna, sem um getur í d-lið 8. gr. og í 17. gr., á vettvang og þróun og viðhald getu til skjótra viðbragða með tengslaneti þjálfaðra sérfræðinga í aðildarríkjunum, sem um getur í f-lið 8. gr.,
 - e) stofnun og viðhald sameiginlega neyðarsamskipta- og upplýsingakerfisins og tækja til samskipta og miðlunar upplýsinga milli Samhæfingarstöðvar neyðarviðbragða og tengiliða aðildarríkjanna og annarra þátttakenda innan ramma almannavarnakerfis Sambandsins,
 - f) framlag til þróunar á greiningarkerfum, snemmvíðvörunar- og víðvörunarkerfum sem ná yfir landamæri og varða hagsmuni Evrópu, til þess að gera kleift að bregðast skjótt við og ýta undir að landsbundin snemmvíðvörunar- og víðvörunarkerfi verði tengd innbyrðis og tengd við Samhæfingarstöð neyðarviðbragða og sameiginlega neyðarsamskipta- og upplýsingakerfið. Þessi kerfi skulu taka tillit til og byggja á fyrirliggjandi upplýsinga-, vöktunar- eða greiningarbrunnum og -kerfum og þeim sem verða til í framtíðinni,
 - g) skipulagning viðbragðsaðgerða innan ramma almannavarnakerfis Sambandsins, í samræmi við 10. gr.,
 - h) stuðningur við þá viðbúnaðarstarfsemi sem lýst er í 13. gr.,
 - i) þróun evrópsku neyðarviðbragðsgetunnar, sem um getur í 11. gr., í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar,
 - j) greining á gloppum í evrópsku neyðarviðbragðsgetunni, í samræmi við 12. gr., og stuðningur við aðildarríkin til að taka á slíkum gloppum með samfjármögnun nýrra viðbragðsbjarga sem nemur að hámarki 20% af aðstoðarhæfum kostnaði, að því tilskildu að:
 - i. þörfin fyrir nýjar bjargir sé staðfest með áhættumati,
 - ii. ferlið til að greina gloppur, sem sett er fram í 12. gr., sýni að þessar bjargir eru ekki tiltækar aðildarríkjunum,
 - iii. aðildarríkin hafi þróað þessar bjargir, annað hvort hvert fyrir sig eða í samstarfshópi,
 - iv. þessar bjargir séu boðnar fram sem framlag til samnýtingar til a.m.k. tveggja ára og
 - v. samfjármögnun þessara bjarga sé kostnaðarhagkvæm.
 - Samstarfshópar aðildarríkja, sem vinna saman gegn sameiginlegri áhættu, skulu hafa forgang eftir því sem við á,
 - k) að tryggja að stuðningur við birgðaflutninga fyrir sérfræðingateymi, sem um getur í 1. mgr. 17. gr. sé tiltækur,
 - l) að greiða fyrir samhæfingu á fyrirframstaðsetningu viðbragðsbjarga vegna hamfara eða stóráfalla innan Sambandsins, í samræmi við g-lið 8. gr., og
 - m) stuðningur við ráðgjöf um forvarnar- og viðbúnaðar-ráðstafanir með því að senda sérfræðingateymi á vettvang að beiðni aðildarríkis, þriðja lands, Sameinuðu þjóðanna eða stofnana þeirra, eins og um getur í 2. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 13. gr.
2. Hæfi til fjárhagsaðstoðar vegna aðgerðarinnar, sem um getur í i-lið 1. mgr., skal takmarkast við:
 - a) kostnað á vettvangi Sambandsins við að setja upp og stjórna evrópsku neyðarviðbragðsgetunni og tengdum ferlum, sem sett eru fram í 11. gr.,
 - b) kostnað við skyldubundin þjálfunarnámskeið, æfingar og vinnufundi, sem nauðsynleg eru í tengslum við vottun á viðbragðsbjörgum aðildarríkjanna vegna evrópsku neyðarviðbragðsgetunnar („kostnaður vegna vottunar“). Í kostnaði vegna vottunar kann að felast einingarkostnaður (e. unit costs) eða eingreiðslur, sem ákvarðast af tegund bjarga, og taka til allt að 100% aðstoðarhæfs kostnaðar,

- c) óendurtekinn kostnað sem nauðsynlegur er til að uppfæra viðbragðsbjargir aðildarríkjanna frá innanlandsnýtingu eingöngu til þess stigs að geta verið til reiðu og tiltækar til sendingar á vettvang sem hluti af evrópsku neyðarviðbragðsgetunni, í samræmi við gæðakröfur sem gerðar eru til bjarga sem boðnar eru fram til samnýtingar og tilmæli sem tekin eru saman í vottunarferlinu („aðlögunarkostnaður“). Í þessum aðlögunarkostnaði getur falist kostnaður, sem tengist samstarfshæfni eininganna og annarra viðbragðsbjarga, sjálfstæði, sjálfbærni, hæfi til flutnings, pökkun og sambærilegur kostnaður svo og kostnaður við að koma á alþjóðlegum viðbragðsbjörgum (t.d. vinnufundur, þjálfun, þróun sameiginlegra aðferða, staðla og ferla og svipuð starfsemi), að því gefnu að þessi kostnaður tengist sérstaklega því að þessar bjargir séu þáttur í framlaginu sem boðið er fram til samnýtingar. Hann skal ekki ná yfir kostnað vegna búnaðar eða mannauðs sem þarf til að koma viðbragðsbjörgum á laggirnar í upphafi eða vegna viðvarandi viðhalds- eða rekstrarkostnaðar. Í þessum aðlögunarkostnaði kann að felast einingarkostnaður eða eingreiðslur, sem ákvarðast af tegund bjarga og taka til allt að 100% aðstoðarhæfs kostnaðar, að því tilskildu að ekki sé farið yfir 30% af meðalkostnaði við þróun bjarganna, og
- d) kostnað við að koma á og hafa umsjón með ramma-samningum, rammamarkaðssamningum eða sambærilegu fyrirkomulagi til að ráða bót á tímabundnum veikleikum í óvenjulegum hamförum eða stóráföllum, með hliðsjón af fjölahættunálgun (e. multi-hazard approach).

Fjármögnun skv. d-lið þessarar málsgreinar:

- i. getur náð yfir kostnað eða gjöld sem nauðsynleg eru til að móta, undirbúa, eiga viðræður um, gera og hafa umsjón með samningunum eða fyrirkomulaginu sem og annan kostnað við að þróa staðlaðar verklagsreglur og æfingar til að tryggja skilvirka notkun úrræða. Slík fjármögnun getur einnig náð til að hámarki 40% kostnaðar við að tryggja skjótan aðgang að þessum úrræðum,
- ii. skal ekki ná til kostnaðar við kaup á eða þróun nýrra viðbragðsbjarga eða kostnaðar við starfrækslu þessara viðbótarbjarga í hamfara- eða stóráfallsaðstæðum. Aðildarríkin sem fara fram á aðstoð skulu bera kostnaðinn af því að starfrækja þessar viðbótarbjargir í hamfara- eða stóráfallsaðstæðum,
- iii. skal ekki fara yfir 10% af fjárhagsrammanum, sem settur er fram í 1. mgr. 19. gr. Komi til þess að 10% mörkunum sé náð fyrir lok áætlunartímabilsins, og ef það reynist nauðsynlegt til að tryggja viðeigandi starfrækslu almannavarnakerfis Sambandsins, má beita framkvæmdargerðum til að fara allt að fimm prósentustig umfram 10% mörkin. Samþykking skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 33. gr.

22. gr.

Aðstoðarhæfar viðbragðsaðgerðir

Eftirfarandi viðbragðsaðgerðir geta átt kost á fjárhagsaðstoð:

- a) að senda á vettvang sérfræðingateymi, sem um getur í 1. mgr. 17. gr., ásamt stuðningi við birgðaflutninga og að senda á vettvang sérfræðinga, sem um getur í d- og e-lið 8. gr.,
- b) þegar um hamfarir eða stóráfall er að ræða, stuðningur við aðildarríki við að fá aðgang að búnaði og flutningatækjum eins og tilgreint er í 23. gr. og
- c) að fenginni beiðni um aðstoð, frekari nauðsynlegar stuðnings- og viðbótaráðgerðir til að greiða fyrir samhæfingu viðbragða á sem skilvirkastan hátt.

23. gr.

Aðstoðarhæfar aðgerðir sem tengjast búnaði og flutningatækjum

1. Eftirfarandi aðgerðir geta átt kost á fjárhagsaðstoð í því skyni að unnt sé að hafa aðgang að búnaði og flutningatækjum innan ramma almannavarnakerfis Sambandsins:
 - a) að veita og miðla upplýsingum um búnað og flutningatæki sem aðildarríki ákveða að hafa tiltæk í því skyni að greiða fyrir samnýtingu slíks búnaðar eða flutningatækja,
 - b) að aðstoða aðildarríkin við að finna og auðvelda aðgang þeirra að flutningatækjum sem kunna að fást hjá öðrum aðilum, þar á meðal á almennum markaði,
 - c) að aðstoða aðildarríkin við að finna þann búnað sem kann að fást hjá öðrum aðilum, þar á meðal á almennum markaði.
 - d) fjármögnun flutningatækja sem nauðsynleg er til að bregðast skjótt við hamförum eða stóráföllum. Slíkar aðgerðir geta aðeins því átt kost á fjárstuðningi ef eftirfarandi viðmiðanir eru uppfylltar:
 - i. beiðni um aðstoð hefur verið lögð fram innan ramma almannavarnakerfis Sambandsins í samræmi við 15. og 16. gr.,
 - ii. viðbótarflutningatækin eru nauðsynleg til að tryggja skilvirkni viðbragða við hamförum eða stóráföllum innan ramma almannavarnakerfis Sambandsins,
 - iii. aðstoðin svarar þeim þörfum sem Samhæfingarstöð neyðarviðbragða hefur greint og er veitt í samræmi við tilmæli hennar um tækniforskriftir, gæði, tímasetningu og fyrirkomulag við veitingu hennar,

- iv. landið, sem fór fram á aðstoð, hefur þegið aðstoð innan ramma almannavarnakerfi Sambandsins, beint eða í gegnum Sameinuðu þjóðirnar eða stofnanir þeirra eða viðkomandi alþjóðastofnun og
- v. þegar um er að ræða hamfarir eða stóráföll í þriðju löndum kemur aðstoðin til fyllingar heildarviðbrögðum Sambandsins á sviði mannúðar.

2. Fjárhæð fjárstuðnings Sambandsins vegna flutningatækja skal ekki fara yfir 55% af heildarupphæð aðstoðarhæfs kostnaðar.

3. Að auki má fjárstuðningur Sambandsins vegna flutninga ná að hámarki til 85% af heildarupphæð aðstoðarhæfs kostnaðar við eftirfarandi aðstæður:

- a) kostnaðurinn tengist flutningi bjarganna, sem boðnar eru fram til samnýtingar fyrir fram í samræmi við 11. gr., eða
- b) aðstoðin er nauðsynleg til að taka á brýnni þörf og aðstoðin er ekki, eða ekki að nægilega miklu marki, tiltæk meðal þeirra bjarga sem boðnar hafa verið fram til samnýtingar.

4. Auk þess getur fjárstuðningur Sambandsins vegna flutningatækja að hámarki tekið til 100% af heildarupphæð aðstoðarhæfs kostnaðar, sem lýst er í i., ii., og iii. lið, ef slíkt reynist nauðsynlegt til að samnýtingarfyrirkomulagið á aðstoð aðildarríkjanna virki með skilvirkum hætti og ef kostnaðurinn tengist einum af eftirfarandi þáttum:

- i. skammtímaleigu á vörugeymslurými fyrir tímabundna geymslu á því sem aðildarríkin leggja fram til aðstoðar í því skyni að auðvelda samræmdan flutning þess,
- ii. endurpökkun þess sem aðildarríkin leggja fram til aðstoðar til að nýta til fulls tiltæk flutningatæki eða til að uppfylla sérstakar kröfur um starfrækslu eða
- iii. staðbundnum flutningi á samnýtanlegu aðstoðinni til þess að tryggja samhæfða veitingu hennar á lokaákvörðunarstað í landinu sem biður um aðstoð.

Fjárstuðningur Sambandsins samkvæmt þessari málsgrein skal ekki vera umfram 75 000 evrur á gangverði fyrir hvert tilvik þar sem almannavarnakerfi Sambandsins er virkjað. Í undantekningartilvikum er heimilt að fara yfir þessi mörk með því að beita framkvæmdargerðum. Samþykking skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 33. gr.

5. Ef um er að ræða samnýtingu flutningaáðgerða sem nokkur aðildarríki taka þátt í getur eitt aðildarríkjanna haft frumkvæðið að því að fara fram á fjárstuðning Sambandsins við áðgerðina í heild.

6. Þegar aðildarríki fer fram á að framkvæmdastjórnin semji um flutningaþjónustu skal framkvæmdastjórnin fara fram á endurgreiðslu á hluta kostnaðar í samræmi við fjármögnunarhlutföllin sem sett eru fram í 2., 3. og 4. mgr.

7. Eftirfarandi kostnaður skal geta átt kost á fjárstuðningi Sambandsins vegna flutningatækja samkvæmt þessari grein: allur kostnaður sem tengist tilfærslu flutningatækja, þ.m.t. kostnaður vegna allrar þjónustu, gjöld, birgðaflutninga- og meðhöndlunarkostnaður, eldsneytiskostnaður og mögulegur kostnaður vegna gistingar, sem og annar óbeinn kostnaður, s.s. skattar, almenn gjöld og umflutningskostnaður.

24. gr.

Þiggjendur aðstoðar

Styrki samkvæmt þessari ákvörðun má veita lögaðilum, hvort sem þeir heyra undir einkarétt eða opinberan rétt.

25. gr.

Tegundir fjárhagslegrar íhlutunar og reglur um framkvæmd

1. Framkvæmdastjórnin skal framkvæma fjárhagsaðstoð Sambandsins í samræmi við reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012.

2. Fjárhagsaðstoð samkvæmt þessari ákvörðun getur verið í hverju því formi, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012, einkum styrkja, endurgreiðslu útgjalda, opinberra innkaupa eða framlaga til fjárvörslusjóða.

3. Til að hrinda þessari ákvörðun í framkvæmd skal framkvæmdastjórnin samþykkja árlegar starfsáætlanir með framkvæmdargerðum, nema að því er varðar aðgerðir sem falla undir viðbrögð við hamförum eða stóráföllum í IV. kafla, sem ekki er hægt að sjá fyrir. Samþykking skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 33. gr. Í árlegu starfsáætlunum skulu sett fram markmiðin sem stefnt er að, niðurstöður sem vænst er, aðferð við framkvæmd og heildarfjárhæð þeirra. Þær skulu einnig innihalda lýsingu á aðgerðum sem fjármagna skal, upplýsingar um fjárhæðina sem úthluta skal til hverrar aðgerðar og leiðbeinandi tímaramma fyrir framkvæmdina. Með tilliti til fjárhagsaðstoðarinnar, sem um getur í 2. mgr. 28. gr., skal, í árlegu starfsáætlunum, lýsa fyrirhuguðum aðgerðum í þeim löndum sem þar er getið.

26. gr.

Fylling og samræmi aðgerða Sambandsins

1. Aðgerðir, sem fá fjárhagsaðstoð samkvæmt ákvörðuninni, skulu ekki fá aðstoð frá öðrum fjármögnunarleiðum Sambandsins.

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að umsækjendur um fjárhagsaðstoð samkvæmt þessari ákvörðun og þiggjendur slíkrar aðstoðar veiti henni upplýsingar um fjárhagsaðstoð, sem þeir hafa fengið frá öðrum aðilum, þ.m.t. af fjárlögum Sambandsins, og um fyrirliggjandi umsóknir um slíka aðstoð.

2. Leita skal eftir samvirkni og fyllingu við aðrar fjármögnunarleiðir Sambandsins. Þegar um er að ræða viðbrögð við mannúðarkrísunum í þriðju löndum skal framkvæmdastjórnin tryggja fyllingu og samræmi aðgerða, sem eru fjármagnaðar samkvæmt þessari ákvörðun, við aðgerðir sem eru fjármagnaðar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1257/96.

3. Þegar aðstoð innan ramma almannavarnakerfis Sambandsins er framlag til viðbragðsaðgerða Sambandsins í mannúðarmálum, einkum í flóknu neyðarástandi, skulu aðgerðir sem njóta fjárhagsaðstoðar samkvæmt þessari ákvörðun byggjast á greindum þörfum og vera í samræmi við meginreglur um mannúð, svo og meginreglur um notkun almannavarna og hernaðarlegra úrræða, sem settar eru fram í evrópska samkomulaginu um mannúðaraðstoð.

27. gr.

Verndun fjárhagslegra hagsmuna Sambandsins

1. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja vernd hagsmuna Sambandsins þegar gripið er til aðgerða, sem fjármagnaðar eru samkvæmt þessari ákvörðun, með því að beita aðgerðum til að fyrirbyggja svik, spillingu og hvers konar annað ólöglegt athæfi, með því að beita skilvirku eftirliti og ef í ljós koma misfellur, með því að endurheimta fjárhæðir sem hafa verið ranglega greiddar og, eftir því sem við á, með fjárhagslegum og stjórnsýslulegum viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

2. Framkvæmdastjórnin eða fulltrúar hennar og Endurskoðunarrétturinn skulu hafa heimild til endurskoðunar, á grundvelli gagna og á vettvangi, hjá öllum aðstoðarþegum, verktökum og undirverktökum sem þegið hafa fjármuni frá Sambandinu samkvæmt þessari ákvörðun.

3. Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum getur hafið athuganir, þ.m.t. eftirlit og athuganir á vettvangi, í samræmi við ákvæði og verklagsreglur sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013⁽¹⁵⁾ og reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96⁽¹⁶⁾, til að ganga úr skugga um hvort um svik, spillingu og annað ólöglegt athæfi hafi verið að ræða sem hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins í tengslum við styrksamning, styrkákvrðun eða samning sem er fjármagnaður samkvæmt þessari ákvörðun.

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. skulu samstarfsamningar við þriðju lönd og alþjóðastofnanir, samningar, styrksamningar og styrkákvarðanir, sem leiðir af framkvæmd þessarar ákvörðunar, innihalda ákvæði sem veita

framkvæmdastjórninni, Endurskoðunarréttinum og Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum skýra heimild til að láta fara fram slíkar endurskoðanir og rannsóknir í samræmi við valdheimildir hvers þeirra um sig.

VI. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

28. gr.

Þriðju lönd og alþjóðastofnanir.

1. Eftirtöldum aðilum er fíjálst að taka þátt í almannavarnakerfi Sambandsins:

a) löndum innan Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu (EES), í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í EES-samningnum, og öðrum Evrópulöndum ef samningar og málsmeðferð kveða á um slíkt,

b) inngöngulöndum, umsóknarlöndum og mögulegum umsóknarlöndum, í samræmi við almennar meginreglur og almenna skilmála og skilyrði fyrir þátttöku þessara landa í áætlunum Sambandsins, sem mælt er fyrir um í viðkomandi rammamningum, ákvörðunum samstarfsráða eða samþætilegum samningum.

2. Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð, sem um getur í 20. gr. og a-, b-, f- og h-lið 1. mgr. 21. gr., til umsóknarlanda og mögulegra umsóknarlanda, sem ekki taka þátt í almannavarnakerfi Sambandsins, svo og til landa sem eiga aðild að evrópsku nágrannastefnunni, að því marki sem slíkt fjárhagsaðstoð kemur til fyllingar fjármögnun samkvæmt framtíðarlagagerð Sambandsins sem tengist stofnun fjármögnunarleiðar við foraðildarstuðning (IPA II-fjármögnunarleiðarinnar) og framtíðarlagagerð Sambandsins sem tengist stofnun fjármögnunarleiðar fyrir evrópsku nágrannastefnuna.

3. Alþjóðastofnanir og svæðisbundnar stofnanir geta komið að starfsemi innan ramma almannavarnakerfis Sambandsins með samstarfi ef viðkomandi tvíhliða eða marghliða samningar milli þessara stofnana og Sambandsins gera það kleift.

29. gr.

Lögbær yfirvöld

Að því er varðar beitingu þessarar ákvörðunar, skulu aðildarríkin tilnefna lögbær yfirvöld og tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

30. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til 31. desember 2020 til að samþykkja framseldu gerðirnar sem um getur í 5. og 6. mgr. 19. gr.

⁽¹⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 frá 11. september 2013 um rannsóknir Evrópuskrifstofu um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 og reglugerð ráðsins (KBE) nr. 1074/1999 (Stjtið. ESB L 248, 18.9.2013, bls. 1).

⁽¹⁶⁾ Reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum (Stjtið. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2).

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valdsins sem um getur í 5. og 6. mgr. 19. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 5. mgr. 19. gr. skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

31. gr.

Flýtimeðferð

1. Framseldar gerðir, sem samþykktar eru samkvæmt þessari grein, skulu öðlast gildi án tafar og gilda svo lengi sem engin andmæli eru lögð fram í samræmi við 2. mgr. Í tilkynningu til Evrópuþingsins og ráðsins um framselda gerð skal taka fram ástæður þess að flýtimeðferðinni er beitt.

2. Evrópuþingið eða ráðið getur andmælt framseldri gerð í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 5. mgr. 30. gr. Í slíku tilviki skal framkvæmdastjórnin fella gerðina tafarlaust úr gildi í kjölfar tilkynningar um ákvörðun Evrópuþingsins eða ráðsins um andmæli.

32. gr.

Framkvæmdargerðir

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir um eftirfarandi málefni:

- samskipti milli Samhæfingarstöðvar neyðarviðbragða og tengiliða aðildarríkjanna, eins og kveðið er á um í 8. gr. (b-lið), 15. gr. (3. mgr.) og 16. gr. (a-lið 3. mgr.) og verklagsreglur fyrir viðbrögð við hamförum eða stóráföllum innan Sambandsins, eins og kveðið er á um í 15. gr., og einnig utan Sambandsins, eins og kveðið er á um í 16. gr. þ.m.t. tilgreining viðkomandi alþjóðastofnana,
- einstaka hluta neyðarsamskipta- og upplýsingakerfisins (CECIS) og einnig skipulag upplýsingamiðlunar í gegnum neyðarsamskipta- og upplýsingakerfið, eins og kveðið er á um í b-lið 8. gr.,
- ferlið við að senda sérfræðingateymi á vettvang, eins og kveðið er á um í 17. gr.,
- skilgreiningu eininga, annarra viðbragðsbjarga og sérfræðinga eins og um getur í 1. mgr. 9. gr.,

e) starfræksluröfufur vegna starfsemi og samstarfshæfni eininganna, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 9. gr., þ.m.t. verkefni þeirra, bjargir, meginþætti, sjálfbærni og sendingu þeirra á vettvang,

f) getumarkmið, kröfur um gæði og samstarfshæfni og vottunar- og skráningarferli, sem nauðsynleg eru vegna starfrækslu evrópsku neyðarviðbragðsgetunnar, eins og kveðið er á um í 11. gr., sem og fjárhagsráðstafanir, eins og kveðið er á um 2. mgr. 21. gr.,

g) að greina gloppur í evrópsku neyðarviðbragðsgetunni og bæta úr þeim, eins og kveðið er á um í 12. gr.,

h) skipulagningu þjálfunaráætlunar, æfingamma og áætlunar um lærdóm af fenginni reynslu, eins og kveðið er á um í 13. gr., og

i) skipulag stuðnings við flutning á aðstoð, eins og kveðið er á um í 18. og 23. gr.

2. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 33. gr.

33. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011. Skili nefndin ekki álitni skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdagerðinni og ákvæði þriðju undirgreinar 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 gilda.

34. gr.

Mat

1. Reglulegt eftirlit skal haft með aðgerðum sem fá fjárhagsaðstoð í því skyni að fylgjast með framkvæmd þeirra.

2. Framkvæmdastjórnin skal meta beitingu þessarar ákvörðunar og leggja fram til Evrópuþingsins og ráðsins:

- bráðabirgðamatsskýrslu um þann árangur sem hefur náðst og eigindlega og megindlega þætti í framkvæmd þessarar ákvörðunar eigi síðar en 30. júní 2017,
- orðsendingu um áframhaldandi framkvæmd þessarar ákvörðunar eigi síðar en 31. desember 2018 og
- eftirámatsskýrslu, eigi síðar en 31. desember 2021.

Bráðabirgðamatsskýrslunni og orðsendingunni, sem um getur annarsveggar í a-lið og hins vegar í b-lið, skulu fylgja tillögur að breytingum á þessari ákvörðun ef við á.

VII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

35. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Aðgerðum sem hófust fyrir 1. janúar 2014 á grundvelli ákvörðunar 2007/162/EB, KBE skal framhaldið, þar sem við á, í samræmi við þá ákvörðun.
2. Aðildarríkin skulu tryggja snurðulaus umskipti á landsvísu milli þeirra aðgerða sem framkvæmdar eru innan ramma fjármögnunarleiðarinnar og aðgerða sem á að framkvæma samkvæmt ákvæðum þessarar ákvörðunar.

36. gr.

Niðurfelling

Ákvarðanir 2007/162/EB, KBE og 2007/779/EB, KBE falli úr gildi. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvarðanirnar sem tilvísanir í þessa ákvörðun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka við þessa ákvörðun.

37. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2014.

38. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna í samræmi við sáttmálana.

Gjört í Brussel 17. desember 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

forseti.

M. SCHULZ

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

L. LINKEVIČIUS

*I. VIÐAUKI***Hlutfallstölur fyrir úthlutun af fjárhagsrammanum vegna framkvæmdar á almannavarnakerfi Sambandsins sem um getur í 1. mgr. 19. gr.**

Forvarnir 20 % +/- 8 prósentustig

Viðbúnaður 50 % +/- 8 prósentustig

Viðbrögð 30 % +/- 8 prósentustig

Meginreglur

Við framkvæmd þessarar ákvörðunar skal framkvæmdastjórnin setja í forgang þær aðgerðir, sem gefinn er ákveðinn frestur fyrir í þessari ákvörðun, innan tímabilsins áður en sá frestur rennur út, með það að markmiði að standa við umræddan frest.

II. VIÐAUKI
Samsvörunartafla

Ákvörðun ráðsins 2007/162 EB, KBE	Ákvörðun ráðsins 2007/779 EB, KBE	Þessi ákvörðun
1. mgr. 1. gr.		—
2. mgr. 1. gr.		4. mgr. 1. gr.
3. mgr. 1. gr.		—
4. mgr. 1. gr.	2. mgr. 1. gr.	2. mgr. 2. gr.
	1. mgr. 1. gr.	—
	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 1. gr.	2. mgr. 1. gr.
	Önnur undirgrein 2. mgr. 1. gr.	5. mgr. 1. gr.
1. mgr. 2. gr.		a-liður 1. mgr. 2. gr.
2. mgr. 2. gr.		b-liður 1. mgr. 2. gr.
3. mgr. 2. gr.		6. mgr. 1. gr.
	1. liður 2. gr.	—
	2. liður 2. gr.	a-liður 1. mgr. 13. gr.
	3. liður 2. gr.	b-liður 20. gr.
	4. liður 2. gr.	d-liður 8. gr.
	5. liður 2. gr.	7. gr og a-liður 8. gr.
	6. liður 2. gr.	b-liður 8. gr.
	7. liður 2. gr.	c-liður 8. gr.
	8. liður 2. gr.	1. mgr. 18. gr.
	9. liður 2. gr.	2. mgr. 18. gr.
	10. liður 2. gr.	7. mgr. 16. gr.
	11. liður 2. gr.	—
3. gr.	3. gr.	4. gr.
1. mgr. 4. gr.		20. og 21. gr.
a-liður 2. mgr. 4. gr.		a-liður 22. gr.
b-liður 2. mgr. 4. gr.		b-liður 22. gr. og a-, b-, og c-liður 1. mgr. 23. gr.
c-liður 2. mgr. 4. gr.		d-liður 1. mgr. 23. gr.
3. mgr. 4. gr.		2. og 4. mgr. 23. gr.
4. mgr. 4. gr.		i-liður 1. mgr. 32. gr.
	1. mgr. 4. gr.	1. mgr. 9. gr.

Ákvörðun ráðsins 2007/162 EB, KBE	Ákvörðun ráðsins 2007/779 EB, KBE	Þessi ákvörðun
	2. mgr. 4. gr.	3. mgr. 9. gr.
	3. mgr. 4. gr.	1. og 2. mgr. 9. gr.
	4. mgr. 4. gr.	4. mgr. 9. gr.
	5. mgr. 4. gr.	5. mgr. 9. gr.
	6. mgr. 4. gr.	6. mgr. 9. gr.
	7. mgr. 4. gr.	9. mgr. 9. gr.
	8. mgr. 4. gr.	7. mgr. 9. gr.
5. gr.		24. gr.
	1. liður 5. gr.	a-liður 8. gr.
	2. liður 5. gr.	b-liður 8. gr.
	3. liður 5. gr.	c-liður 8. gr.
	4. liður 5. gr.	d-liður 8. gr.
	5. liður 5. gr.	a-liður 1. mgr. 13. gr.
	6. liður 5. gr.	—
	7. liður 5. gr.	d-liður 1. mgr. 13. gr.
	8. liður 5. gr.	f-liður 1. mgr. 13. gr.
	9. liður 5. gr.	18. gr.
	10. liður 5. gr.	e-liður 8. gr.
	11. liður 5. gr.	g-liður 8. gr.
1. mgr. 6. gr.		1. mgr. 25. gr.
2. mgr. 6. gr.		2. mgr. 25. gr.
3. mgr. 6. gr.		Þriðji og fjórði málslíður 3. mgr. 25. gr.
4. mgr. 6. gr.		—
5. mgr. 6. gr.		Fyrsti og annar málslíður 3. mgr. 25. gr.
6. mgr. 6. gr.		—
	6. gr.	14. gr.
7. gr.		1. mgr. 28. gr.
	1. mgr. 7. gr.	1. mgr. 15. gr.
	2. mgr. 7. gr.	3. mgr. 15. gr.
	a-liður 2. mgr. 7. gr.	a-liður 3. mgr. 15. gr.
	c-liður 2. mgr. 7. gr.	b-liður 3. mgr. 15. gr.
	b-liður 2. mgr. 7. gr.	c-liður 3. mgr. 15. gr.
	Fyrsti og þriðji málslíður 3. mgr. 7. gr.	4. mgr. 15. gr. og 6. mgr. 16. gr.

Ákvörðun ráðsins 2007/162 EB, KBE	Ákvörðun ráðsins 2007/779 EB, KBE	Þessi ákvörðun
	4. mgr. 7. gr.	5. mgr. 15. gr.
	5. mgr. 7. gr.	—
	6. mgr. 7. gr.	Fyrsti málsliður 3. mgr. 17. gr.
8. gr.		26. gr.
	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 8. gr.	1. mgr. 16. gr.
	Önnur undirgrein 1. mgr. 8. gr.	Fyrsti málsliður 2. mgr. 16. gr.
	Þriðja undirgrein 1. mgr. 8. gr.	—
	Fjórða undirgrein 1. mgr. 8. gr.	—
	2. mgr. 8. gr.	4. mgr. 16. gr.
	3. mgr. 8. gr.	—
	a-liður 4. mgr. 8. gr.	a-liður 3. mgr. 16. gr.
	b-liður 4. mgr. 8. gr.	c-liður 3. mgr. 16. gr.
	c-liður 4. mgr. 8. gr.	d-liður 3. mgr. 16. gr.
	d-liður 4. mgr. 8. gr.	e-liður 3. mgr. 16. gr.
	5. mgr. 8. gr.	8. mgr. 16. gr.
	Fyrsta undirgrein 6. mgr. 8. gr.	1. mgr. 17. gr. og b-liður 2. mgr. 17. gr.
	Önnur undirgrein 6. mgr. 8. gr.	Annar málsliður 3. mgr. 17. gr.
	Fyrsta undirgrein 7. mgr. 8. gr.	—
	Önnur undirgrein 7. mgr. 8. gr.	Annar málsliður 2. mgr. 16. gr.
	Þriðja undirgrein 7. mgr. 8. gr.	9. mgr. 16. gr.
	Fjórða undirgrein 7. mgr. 8. gr.	11. mgr. 16. gr.
	Fimmta undirgrein 7. mgr. 8. gr.	—
	8. mgr. 8. gr.	10. mgr. 16. gr.
	a-liður 9. mgr. 8. gr.	12. mgr. 16. gr.
	b-liður 9. mgr. 8. gr.	13. mgr. 16. gr.
9. gr.		2. mgr. 16. gr.
	9. gr.	18. gr.
10. gr.		3. mgr. 19. gr.

Ákvörðun ráðsins 2007/162 EB, KBE	Ákvörðun ráðsins 2007/779 EB, KBE	Þessi ákvörðun
	10. gr.	28. gr.
11. gr.		—
	11. gr.	29. gr.
1. mgr. 12. gr.		1. mgr. 27. gr.
2. mgr. 12. gr.		—
3. mgr. 12. gr.		—
4. mgr. 12. gr.		—
5. mgr. 12. gr.		—
	1. mgr. 12. gr.	e-liður 1. mgr. 32. gr.
	2. mgr. 12. gr.	a-liður 1. mgr. 32. gr.
	3. mgr. 12. gr.	b-liður 1. mgr. 32. gr.
	4. mgr. 12. gr.	c-liður 1. mgr. 32. gr.
	5. mgr. 12. gr.	h-liður 1. mgr. 32. gr.
	6. mgr. 12. gr.	d-liður 1. mgr. 32. gr.
	7. mgr. 12. gr.	—
	8. mgr. 12. gr.	—
	9. mgr. 12. gr.	annar hluti a-liðar 1. mgr. 32. gr.
13. gr.	13. gr.	33. gr.
14. gr.		19. gr.
15. gr.	14. gr.	34. gr.
	15. gr.	36. gr.
16. gr.		Annar málsliður 37. gr.
17. gr.	16. gr.	38. gr.